

Nóvember 2024



Mál með vexti

Aðgerðir og verkefni í þágu
Íslenskrar tungu



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Útgefandi:
Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Mál með vexti – aðgerðir og verkefni í þágu íslenskrar tungu

Nóvember 2024
mvf@mvf.is
stjornarradid.is

Umbrot: Einar Guðmundsson
Textavinnsla: Sérfræðingar félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis og menningar- og viðskiptaráðuneytis.
Myndir: Myndabanki Stjórnarráðsins og MVF
Forsíðumynd: Valgarð Gíslason

Efnisyfirlit

Mál með vexti	5
Tímalína	6
Aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu til ársins 2026	10
Starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu	12
Bætt gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur	14
Virkjun Samevrópska tungumálarammans	16
Íslenska og háskólar	18
Viðhorf til íslensku	21
Mikilvægi lista og menningar	22
Aukin talsetning og textun á íslensku	23
Íslenskugáttin m.is	24
Öflug skólasöfn	25
Vefgátt fyrir rafræn námsgögn	27
Samræmt verklag um móttöku, kennslu og þjónustu við börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn	28
Efling íslenskuhæfni starfsfólks í leik- og grunnskólum og frístundastarfi	30
Samþætting íslensku og erlendra móðurmála á fagtengdum grunnnámskeiðum starfsfólks í heilbrigðis-, félags- og umönnunargreinum	31
Framtíð máltækni	32
Íslenska handa öllum	34
Íslenska er sjálfsagt mál	37
Starfsþróun og hæfni þeirra sem kenna íslensku sem annað mál	38
Fræðsla um máltöku og málþroska barna	39
Fræðsla og ráðgjöf handa innflytjendum þegar börn þeirra hefja skólagöngu í íslenskum skólum	40

Íslenska á tækniöld	42
Verið velkomin í Eddu	46
Læsi og menntamál	48
Ungt fólk og íslenska	53
Íslenskan í háskólasamfélaginu	54
Áherslur á íslenska tungu í fjölmiðlastefnu	56
Íslensk málnefnd	57
Íslensk málstefna	58
Íslenska og bókmenntir	62
Dagur íslenskrar tungu	66



Mál með vexti

Það er ýmislegt að fréttu af íslenskri tungu enda höfum við lagt ríka áherslu á tungumálið á undanförunum árum. Um hana er rætt á þingpöllum, á málþingum, í viðtölum, á samfélagsmiðlum, í heitu pottunum og í skólastofum af öllum stærðum og gerðum um land allt. Það er frábært! Ég fyllist bjartsýni fyrir hönd íslenskrar tungu þegar ég heyri fólk þrátta um þágufallshneigð, kryfja enskuslettur, syngja nýja íslenska tónlist og skutla fram skemmtilegum nýyrðum. Og þegar ég heyri íslensku með allskonar hreim. Og síðast en ekki síst á fundum eða förunum vegi þegar við hittum fólk sem brennur fyrir málefni íslenskunnar. Aukin umræða um íslenskuna er mikilvægt heilbrigðismerki.

Ábyrgð okkar allra í því verkefni að tryggja stöðu og framtíð tungumálsins er mikil og í því skyni verðum við að svara kalli tímans hverju sinni. Við getum ekki brugðist við áskorunum dagsins í dag með verkfærum og lausnum síðustu aldar. Íslenskan má heldur ekki verða sundrunarafi í okkar samfélagi en á því er hættu ef við bregðumst ekki rétt við. Okkar leið til þess er að efla samvinnu um málefni íslenskrar tungu sem lesa má um í þessari samantekt. Með hliðsjón af þingsályktun sem samþykkt var í maí 2024, sem mótuð var í samstarfi fimm ráðuneyta, eru nú unnið að 22 aðgerðum þar sem meginstefin eru bætt aðgengi að íslenskunámi og aukinn sýni- og heyrnleiki íslenskunnar, auk fjölda annarra verkefna, bæði tímabundinna og viðvarandi. Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem tóku þátt í undirbúningi áætlunarinnar, sendu inn umsagnir og ábendingar og létu sig málið varða með margvíslegum hætti. Nú eru mörg verkefni hennar komin á fullt skrið en við þurfum áfram á liðsinni, hvatningu og gagnrýni að halda svo þau megi skila samfélaginu sem mestum árangri.

Sú umgjörð sem íslenskri tungu er búin þarf einnig að þróast. Því hef ég sett af stað vinnu við endurskoðun á lögum um stöðu íslenskrar tungu og táknafrá árinu 2011, sem þá voru fyrstu almennu rammalögin um íslensku. Einnig tel ég brýnt að styrkja ákvæði í öðrum lögum þar sem fjallað er um málefni og stöðu íslenskunnar og að skýrar sé horft til mikilvægis hennar í samhengi við allar stórar breytingar í okkar samfélagsþróun.

Tungumálið er farvegur hugsana okkar og lykilinn að sameiginlegum skilningi. Þess vegna þarf íslenskan að vera fyrst. Hún þarf að vera fremst, okkur efst í huga og alltumlykjandi. Það er verkefni sem vinnst með seiglu, ástríðu og því að vera opin fyrir hugmyndum og samvinnu. Hvað ætlar þú að gera fyrir framtíð íslenskunnar?

Lilja Dögg Alfreðsdóttir
menningar- og viðskiptaráðherra

Tímalína

Fyrsta íslenska málstefnan samþykkt á Alþingi.



Þingsályktun mennta- og menningarmálaráðherra um eflingu íslensku sem opinbers máls á Íslandi samþykkt á Alþingi.



Uppskipting ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, málefni íslenskrar tungu flytjast í fleiri ráðuneyti.



Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2024–2026 samþykkt á Alþingi.



Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls samþykkt á Alþingi.

Íslensk málnefnd lýkur endurskoðun málstefnu, Íslensk málstefna 2021-2030 kemur út.

Ráðherranefnd um málefni íslenskrar tungu sett á laggirnar, vinna við mótun nýrrar aðgerðaáætlunar hefst.

Aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu kynnt. Edda – hús íslenskunnar opnað.



Íslensk tunga er dýrmæt auðlind og á stóran þátt í að skapa sterkt samfélag. Íslenskan er tenging okkar við sögu okkar og menningu og mikilvægt að huga enn betur að íslenskukennslu. Við ætlum að styðja við tunguna með því að leggja áherslu á að íslenskan sé skapandi og frjór hluti af umhverfi okkar. Sérstök áhersla verður lögð á að börn og ungmenni nýti tungumálið í leik og námi með auknu framboði af nýju námsefni á íslensku og með því að hlúa að barnamenningu.

Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, 2021

Enska þrengir að íslenskunni

1. febrúar 2022

Íslenskan er dauð

12. júní 2017

**Ótvírætt mesta ógn sem hefur stafað
að sjálfstæði Íslands seinustu áratugi**

19. október 2022

Íslenskan er alltaf í hættu

16. nóvember 2022

**Íslenskunni ógnað af snjalltækja-
notkun barna**

9. febrúar 2021

Alls ekki verið nóg gert

10. september 2022

**Segir nauðsynlegt að efla íslensku-
kennslu fyrir innflytjendur**

4. september 2022

Sláandi munur á færni leikskólabarna

17. september 2022

**Samtök atvinnulífsins hvetja
fyrirtæki til að nota íslenskuna**

6. september 2022

Vilja gera íslenskunni hærra undir höfði

10. október 2022

Enskunotkun nemenda aukist

14. nóvember 2020

**Hætta á „stafrænum
tungumáladauða“ íslenskunnar**

26. febrúar 2018

Ég tala ekki gótt Íslensku

13. september 2022

Yngstu börnin sérstakt áhyggjuefni

2. mars 2018

**Íslenska er ekki erfðasta
tungumál í heimi**

11. mars 2024

Tölum íslensku við útlendinga

1. júní 2020

**Aðgangur krakka að efni
á íslensku versnar stöðugt**

24. júní 2024

**Hræðist að íslenskan hljóti
sömu örlög og geirfuglinn**

4. júní 2024

**Taka gagnrýni á enskunotkun
í auglýsingu alvarlega**

30. mars 2024

Íslenska: lykill eða lás?

20. mars 2024

Íslenskan glímir við ímyndarvanda

23. september 2021

Skiptir málið í skólum máli?

17. apríl 2023



Annars þjer einlæglega að segja held jeg, að íslenskan bráðum muni útaf deyja; reikna jeg, að varla muni nokkur skilja hana í Reykjavík að 100 árum liðnum, en varla nokkur í landinu að öðrum 200 árum þar upp frá, ef allt fer eins og hingað til og ekki verða rammar skorður við reistar.

Rasmus Kristján Rask

Svo skrifaði einn virtasti málvísindamaður síns tíma, Rasmus Kristján Rask, snemma á 19. öld þegar ýmsir spáðu því að íslenskan myndi deyja út vegna danskra áhrifa ef ekkert yrði að gert. Í kjölfarið fylgdi ný hreyfing sem vildi hreinsa dönsk áhrif úr íslensku. Sú hreyfing stuðlaði meðal annars að stóru aukinni útgáfu rita á íslensku og vitundarvakningu meðal almennings gagnvart vandanum.

Íslenskan er enn á lífi 200 árum síðar, þó vitanlega standi dönsk tökuorð og orðtæki eins og minnisvarðar í málinu.

Aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu til ársins 2026

[Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2024-2026](#) var samþykkt á Alþingi 8. maí 2024. Með áætluninni eru forgangsverkefni stjórnvalda í málefnum íslenskunnar skilgreind með hliðsjón endurskoðaðri málstefnu Íslenskrar málnefndar. Aðgerðirnar eru á forræði fjögurra ráðuneyta auk þess sem fjölmargar stofnanir, samtök og félög eru samstarfsaðilar. Aðgerðirnar tengjast einnig öðrum áhersluverkefnum stjórnvalda, þar á meðal stefnumótun í málefnum innflytjenda og flóttafólks, menntastefnu 2030, heildarendurskoðun framhaldsfræðslukerfisins og aðgerðaáætlun ferðapjónustu til 2030.



”

Við höfum það sameiginlega markmið að vernda og þróa tungumálið okkar, svo það blómstri og varðveitist um langa framtíð. Lykilbreytan fyrir árangur af því starfi er samtakamátturinn sem svo gleðilegt er að finna hjá þeim fjölmörgu sem koma að aðgerðum og verkefnum í þágu íslenskunnar, og svo víða út í samfélaginu. Málið snertir okkur öll og ég er bjartsýnn á framtíð íslenskunnar.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra



Ábyrgðarráðuneyti aðgerðanna

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

- Starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu (2)
- Bætt gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur (3)
- Samþætting íslensku og erlendra móðurmála á fagtengdum grunnnámskeiðum (16)
- Íslenska handa öllum (18)
- Starfsþróun og hæfni þeirra sem kenna íslensku sem annað mál (20)

Menningar- og viðskiptaráðuneyti

- Viðhorf til íslensku (8)
- Mikilvægi lista og menningar (9)
- Aukin talsetning og textun á íslensku (10)
- Íslenskugátt (11)
- Framtíð máltækni (17)
- Íslenska er sjálfsagt mál (19)

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti

- Þekkingaröflun og ráðgjöf (1)
- Fjarnám í íslensku á BA-stigi (5)
- Sameiginlegt fjarnám í íslensku sem öðru máli (6)
- Háskólabrú fyrir innflytjendur (7)

Mennta- og barnamálaráðuneyti

- Virkjun Samevrópska tungumálarammans (4)
- Öflug skólasöfn (12)
- Vefgátt fyrir rafræn námsgögn (13)
- Samræmt verklag um móttöku, kennslu og þjónustu (14)
- Efling íslenskuhæfni starfsfólks í leik og grunnskólum og frístundastarfi (15)
- Fræðsla um máltöku og málþroska barna (21)
- Fræðsla og ráðgjöf handa innflytjendum þegar börn þeirra hefja skólagöngu í íslenskum skólum (22)

Starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu

Markmið aðgerðarinnar er að bæta aðgengi að íslenskunámi fyrir fullorðna innflytjendur með því að efla íslenskunám á vinnustöðum. Í stjórnarsáttmála er lögð áhersla á samfélagsþátttöku fólks af erlendum uppruna og mikilvægi þess að þau sem hér búi og starfi fái tækifæri til aðlögunar og geti nýtt hæfileika sína, þekkingu og reynslu. Þar er tungumálið lykilbreyta.

Margir vinnustaðir eru í kjörstöðu til að efla íslenskuhæfni starfsmanna sinna og víða hefur skapast reynsla á þessu sviði með samvinnu fyrirtækja við símenntunarmiðstöðvar, skóla og fræðslufyrirtæki, oft með aðkomu starfsmenntasjóða.

Rannsóknir sýna að það er ákveðin hindrun fyrir fólk að þurfa að sækja tungumálanám utan vinnutíma en með aðgerðinni er stutt við framkvæmd íslenskunáms á íslenskum vinnustöðum og nám á vinnutíma. Þróa þarf raunhæfar leiðir fyrir fyrirtæki til að taka þátt og bjóða starfsfólki upp á að tala íslensku í hvetjandi starfsumhverfi en þær felast meðal annars í sérsniðnum starfstengdum orðaforða fyrir valdar starfsgreinar og þróun einstaklingsmiðaðrar talþjálfunar.

Opinn aðgangur að efni til sjálfsnáms

Samið hefur verið við menntafyrirtækið [Bara tala](#) um opinn aðgang að starfstengdum orðaforða á sviði heilbrigðis-, félags- og umönnunargreina. Bara tala hefur þróað samnefnt smáforrit sem byggir á gervigreind og íslenskri máltækni en í forritinu geta nemendur m.a. æft framburð, samtöl og bætt orðaforða sinn. Starfstengdu orðalistarnir verða teknir saman af leiðandi framhaldsskóla á sviði hjúkrunargreina.



Til að virkja atvinnurekendur, fyrirtæki og stofnanir með í þessa vegferð samdi félags- og vinnumarkaðsráðuneyti einnig við [Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu](#) (SFV) um að nýta námslausnir Bara tala ásamt því að þróa námsfyrirkomulag fyrir starfsfólk á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Sjá nánar á bls. 31. Þá hefur verið samið við sjálfseignarstofnunina [Austurbrú](#) um gerð hliðstæðra lista yfir starfstengdan orðaforða fyrir fiskvinnslu og stóriðju. Það verkefni er unnið með máltæknilausnum Miðeindar þar sem stuðst er við gervigreind til að miðla orðum, myndum, hljóðum og búa til setningar. Austurbrú hefur einnig verið falið að opna aðgang að orðum og talæfingum á fyrsta færnistigi Samevrópsks tungumálaramma (A1). Ráðuneytið hefur einnig styrkt sömu áherslu á grunnleikni í íslensku með stafrænum aðferðum í smiðjustarfi fjölsmiðja sem valdefla og vinna með ungu fólki.

5,1%
starfandi árið 2003

20,6%
starfandi árið 2022

Fjórfoldun innflytjenda
á íslenskum vinnumarkaði

[Samkvæmt Hagstofu Íslands](#)

Samhliða endurskoðun á fjárveitingum til íslenskukennslu og fjölbreytts íslenskunáms verður starfstengdum talþjálfunarverkefnum forgangsraðað og unnið að heildstæðara styrkjakerfi. Sjá einnig verkefnið RÚV-Orð á bls. 45.



Stjórnvöld leggja ríka áherslu á að auka veg og vanda íslenskunnar með ýmsum aðgerðum og stórauka aðgengi fjölbreyttra hópa á öllum aldri og á öllum skólastigum að því að læra íslensku sem annað mál. Aðgengi að starfstengdum og gagnvirkum orðaforða og talæfingum eins og Bara tala býður upp á er mikilvægt skref í að setja íslensku í samhengi við veruleika innflytjenda og bjóða þá velkomna til þátttöku í íslensku málsamfélagi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra

Miklu máli skiptir að **efla jákvætt viðhorf** til íslensku í atvinnulífinu ... Með aukinni alþjóðavæðingu fjölgar þeim sem eru að fóta sig í fyrsta sinn í íslensku málumhverfi, oft fólk sem á fullorðinsaldri kemur til starfa á Íslandi. Því er mikilvægt að almennt sé viðurkennt að íslenskt samfélag sé fjölmenningsamfélag þar sem fólki, sem kemur til landsins til að vinna og er að læra og þjálfra íslenskt mál, **sé vel tekið**. Hvatning til þess að viðkomandi nái fljótt sem bestum tökum á málinu ætti að vera öllum keppikefli og eins að þeim sem eru að læra málið sé **mætt af skilningi**.

Íslensk málstefna, 2021

Bætt gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur

Aðgerðin miðar að mótun gagnsærra og skilvirkara fyrirkomulags fyrir íslenskukennslu innflytjenda sem fram fer utan formlega skólakerfisins, s.s. á vegum fræðsluaðila sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu.

Styrkir til íslenskukennslu og íslenskunáms eru með ýmsu móti og fara þvert á regluverk og kerfi skóla, atvinnulífs og velferðar. Hluti styrkja hins opinbera til íslenskunáms innflytjenda fer til námskeiðahalds á vegum viðurkenndra fræðsluaðila svo sem símenntunarmiðstöðva, tungumálaskóla og fræðslufyrirtækja. Þar er kennt eftir námskrám frá 2008 (færnistig A) og 2011 (færnistig B). Fjárveitingar til þess verkefnis hafa hækkað töluvert á undanförunum árum.

Til að safna upplýsingum um gæði þeirra kennslu og virkni gæðakerfa fræðsluaðila voru gerðar fimm rannsóknir í samstarfi við háskólasamfélagið. [Niðurstöður þeirra má lesa hér](#). Það verkefni var liður í endurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu sem staðið hefur yfir á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og nær meðal annars til íslenskukennslunnar. Fyrirhugað er að nýta rannsóknirnar við áframhaldandi þróun á fyrirkomulagi náms og kennslu svo það taki betur mið af væntingum nemenda og fjölbreyttum námsþörfum þeirra óháð búsetu.

Meðal verkþátta sem horft verður til eru að:

- **skýra afstöðu til hæfni kennara sem kenna fullorðnum íslensku sem annað mál, og hvernig bæta má starfsaðstæður þeirra (sjá nánar á bls. 38),**
- **rýna og yfirfara námsskrár frá 2008 og 2011 og samræma þær með hliðsjón af Samevrópska tungumálarammanum (sjá nánar á bls. 16),**
- **samhæfa regluverk um íslenskukennslu og kortleggja rafrænt fótspor nemenda,**
- **auka tengingu fjármuna við gæðastarf og árangur fræðsluaðila með hliðsjón af þyngdarstigum kennslu eftir bakgrunni og námsstöðu ólíkra hópa,**
- **vakta raddir notenda og mæla viðhorf þeirra innan gæðakerfa fræðsluaðila og efla um leið eftirlit og stuðning stjórnvalda,**
- **bæta yfirsýn yfir framkvæmd íslenskukennslu og ýmiss annars íslenskustuðnings á starfstengdum námskeiðum sem styrkt eru með opinberu fé,**
- **auka aðgengi að námsgögnum til að læra íslensku og stuðla að þróun, gerð og dreifingu þeirra.**

Aðgerð þessi er tengd við stefnumótun í málefnum innflytjenda og flóttafólks og endurskoðun á lögum um framhaldsfræðslu sem fram fer á vettvangi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins.

261 m.kr.

úthlutað árið 2024

20

fræðsluaðilar

9.330


nemendur

[Sjá nánar á vef Rannís](#)





Framlög til íslenskukennslu innflytjenda utan formlega skólakerfisins, þróun fjölgunar innflytjenda



564 m.kr.
framlög samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2025

Skortur á íslenskukunnáttu dregur mjög úr tækifærum innflytjenda til lýðræðislegrar þátttöku, ekki aðeins á almennum vinnumarkaði heldur einnig til dæmis í félagsstörfum og stjórn-málum. Aðbúnaður til íslenskunáms þarf að vera **fullnægjandi** til þess að engum samfélagshópum sé meinaður aðgangur að ólíkum sviðum samfélagsins og **lýðræðislegri** ákvarðanatöku.

Íslensk málstefna, 2021

Virkjun Samevrópska tungumálarammans

Samevrópski tungumálaramminn er mælitæki sem notað er til þess að meta færni í tungumálum. Hann er nýttur sem grunnur að námskrám, námsefni og námsmati í tungumálakennslu víða um heim og hefur verið innleiddur hérlendis að hluta. Hér hefur þó skort almenn viðmið og skilgreind færnistig til að meta kunnáttu fólks í íslensku sem öðru máli.

Með vandaðri fræðilegri vinnu við aðlögun Samevrópska tungumálarammans að íslensku tungumáli má skapa grunn að námskrárgerð, námsefnisgerð og námsmati á öllum skólastigum. Það stuðlar m.a. að markvissari kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Verkefnið tengist [framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2022-2025](#) en þar er kveðið á um gerð rafrænna stöðuprófa fyrir mismunandi færnistig tungumálarammans. Stöðumatinu er ætlað að auka aðgengi að og einfalda ferli við mat á íslenskukunnáttu innflytjenda þannig að þeir eigi auðveldara með að nýta þekkingu sína og hæfni og taka virkan þátt í samfélaginu og á vinnumarkaði. Unnið er að því að þýða valda hluta tungumálarammans á íslensku og þróa prófabanka sem mun nýtast nemendum, fræðslu-aðilum innan skólakerfisins og aðilum á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Hagnýting mál- og gervigreindartækni mun flýta ferlinu töluvert, ekki síst stöðlun og úrvinnslu prófanna. Verkefnið er hýst hjá Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Samhliða stöðumatinu verður þróað rafrænt stuðningsefni til að efla grunnhæfni í íslensku sem öðru máli, sérstaklega tengt neðri þrepum Samevrópska tungumálarammans, sem skal standa öllum til boða á netinu.

Verkefnið kallast einnig á við [aðgerð 3 í fyrstu aðgerðaáætlun menntastefnu](#) stjórnvalda til ársins 2030.



Gott áreiðanlegt mat á íslenskukunnáttu innflytjenda er mikið hagsmunamál fyrir íslenskt samfélag. Með auknum fjölda innflytjenda á Íslandi er þörfin fyrir stöðluð stöðupróf í íslensku brýn. Tungumálið er lykillinn að samfélaginu og vantar nú staðlaða og aðgengilega leið til að leggja mat á íslenskukunnáttu innflytjenda. Virk þátttaka þeirra gagnast þeim og samfélaginu öllu og er þessi áfangi nú mikilvægt skref í þá átt.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra.



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands og Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, við undirritun samnings um þýðingu og þróun tengdri Samevrópska tungumálarammanum.

Eins og Íslensk málnefnd (2013) hefur bent á er **nauðsynlegt skref** í skipulagsátt að hanna próf til þess að meta kunnáttu og færni innflytjenda í íslensku en það myndi gagnast bæði í skólastarfi, við gerð námsefnis og kennsluáætlana, og á vinnumarkaði.

Íslensk málstefna, 2021

Íslenska og háskólar

Tengsl háskólastarfs við eflingu íslensks máls felast fyrst og fremst í því lögbundna hlutverki háskóla að „stuðla að sköpun og miðlun þekkingar til nemenda og samfélagsins alls. Háskólar eru sjálfstæðar menntastofnanir sem sinna kennslu og rannsóknum, þekkingarleit og varðveislu þekkingar. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi,“ eins og segir í [lögum um háskóla](#).

Háskólar gegna mikilvægu hlutverki í því að efla íslensku sem vísindatungumál og kennslutungumál á öllum fræðasviðum og stuðla þannig að framgangi og framþróun íslenskunnar sem fagtungumáls í samfélaginu. Hlutverk háskóla er einnig ótvírætt þegar kemur að því að auka hæfni og þekkingu þeirra sem kenna íslensku á öllum skólastigum sem og í óformlegu námi, hvort heldur sem er íslensku og íslensku sem annað mál og ná þannig til fjölbreyttra hópa samfélagsins í gegnum skólustarf og til yngri kynslóða allt frá máltökuskeiði barna til háskólanema.



Aðgerðir á forræði ráðuneytis háskólamála

Í aðgerðaáætlun í málefnum Íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026 eru fjórar aðgerðir á forræði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis sem allar eru þróaðar og unnar í náinni samvinnu, ýmist milli háskólanna og/eða við aðrar mennta- og vísindastofnanir. Sú nálgun kallast á við áherslu ráðuneytisins á virkara samstarf háskólanna og nýsköpun á þeirra vettvangi.

Nemendum í íslensku á háskólastigi hefur almennt fækkað þegar litið er til síðustu ára. Með því að bjóða upp á nýtt **fjarnám í íslensku á BA-stigi** (aðgerð 5) verður aðgengi að náminu bætt með það að markmiði að fjölga nemendum. Námið verður í samstarfi Hugvísindasviðs og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Háskólann á Akureyri. Unnið hefur verið að eflingu fjarnáms við íslenska háskóla með áherslu á þróun staf-rænna kennsluhátta enda er öflugt fjarnám ein tryggasta leiðin til að jafna aðgengi mismunandi hópa að háskólanámi.

Átak verður gert í að bjóða upp á vandað **fjarnám í hagnýtri íslensku** (aðgerð 6) sem öðru máli fyrir innflytjendur sem hafa ekki grunn í íslensku. Nýtt kennsluefni verður þróað sem hentar fjarnámi sérstaklega, m.a. með máltæknilausnum og kennslu-forritinu Icelandic Online. Námið verður þróað í samvinnu Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskóla Vestfjarða og Háskólans á Bifröst. Aðgengi að íslenskukennslu fyrir innflytjendur sem hafa ekki grunn í íslensku er takmarkað og ójafnt, hvort sem litið er til búsetu eða félagslegrar stöðu. Gert verðu átak í að bjóða upp á vandað fjarnám í hagnýtri íslensku á háskólastigi, sem öðru máli á háskólastigi til ECTS-eininga en nemendur eiga þess kost að sækja staðlotur á Akureyri og Ísafirði.

Háskólanám í íslensku sem öðru máli hefur verið eftt á síðustu árum og er nú fjölmennasta námsgreinin sem kennd er við Háskóla Íslands (sjá nánar á bls. 54). Ráðgert er að ný námsleið verði sett á laggirnar í samstarfi Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands frá og með hausti 2024, svokölluð **Háskólabrú** (aðgerð 7). Kjarni námsleiðarinnar er nám í íslensku sem öðru máli en nemendur geta einnig tekið námskeið í öðrum fögum við Háskólann á Akureyri. Grunnám við íslenska háskóla fer að jafnaði fram á íslensku og krefst umtalsverðar færni í íslensku máli. Markhópur námsins er því fólk sem hefur náð grunnfærni í íslensku en þarf aukinn stuðning til þess að vera kleift að sækja annað háskólanám hér á landi. Fyrirmyndir að námsleiðinni er að finna í Þýskalandi, Sviss og Austurríki. Markmið námsins er að auðvelda innflytjendum og flóttafólki að aðlagast íslensku háskólakerfi, auka aðgengi þeirra að háskólamenntun og fjölga atvinnutækifærum að námi loknu. Námsleiðinni er ætlað að takast á við ákveðnar áskoranir sem mæta innflytjendum hér á landi sem rannsóknir við Háskólann á Akureyri hafa varpað ljósi á. Námsækifæri í íslensku máli eru fá, sérstaklega á landsbyggðinni, og almennt eru tækifæri til háskólanáms og til viðeigandi starfa af skorum skammti fyrir fólk með innflytjendabakgrunn og hallar frekar á konur í því tilliti. Því er mikilvægt að **háskólabrúin** sé skipulögð sem fjarnám og nái til fjölmennari hóps með búsetu víðs vegar um landið.

Með aðgerð sem miðar að **þekkingaröflun og ráðgjöf** (aðgerð 1) vilja stjórnvöld leggja áherslu á öflun þekkingar á máltöku ólíkra aldurshópa, kennslufræði íslensku sem annars máls og kennslu nemenda sem búa við fjölbreytt tungumálaumhverfi í daglegu lífi. Niðurstöðum rannsókna verði miðlað til kennara á starfsþróunarnámskeiðum og með ráðgjöf til kennara á öllum skólastigum. Sjá einnig aðgerð á bls. 38 (Starfsþróun og hæfni þeirra sem kenna íslensku sem annað mál).



Allar framfarir hvíla á hinu orðna. Ef við vitum ekki hvað hefur verið reynt erum við dæmd til að endurtaka gömul mistök og festast í sama farinu. Íslenskan leikur hér lykilhlutverk því hún er brú milli kynslóða. Hún er ekki aðeins lykilinn að fortíðinni heldur gerir hún okkur jafnframt kleift að miðla fyrri reynslu til komandi kynslóða. Þannig getum við tryggt áframhaldandi uppgang íslensks samfélags á grunni sameiginlegs reynsluheims Íslendinga. Eða eins og Einar Benediktsson orti: „Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja.“

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Mikilvægt er að kennsla íslensku sem annars máls á mismunandi skólastigum sé tengd við þá þekkingu sem fyrir hendi er á sviði íslensku sem annars máls. Þekking á sviði rannsókna, bæði á tileinkun og kennslu íslensku sem annars máls, er **nauðsynlegur grundvöllur** stefnumörkunar og fyrir þróun kennsluefnis.

Íslensk málstefna, 2021

Viðhorf til íslensku

Markmið aðgerðarinnar er að koma á reglubundnum viðhorfskönnunum um málefni íslenskrar tungu svo að meta megi árangur aðgerða stjórnvalda og þörf fyrir frekari þróun þeirra. Sérstaklega verða könnuð viðhorf ungmenna til íslenskrar tungu og viðhorf kennara og annars fagfólks í skólastarfi sem eru lykilaðilar þess verkefnis að efla íslenska tungu til framtíðar. Niðurstöðum viðhorfskannana verði miðlað í skýrslum til Alþingis, sem unnar verði í samráði m.a. við Íslenska málnefnd.

Niðurstöður fyrstu kannana benda til þess að viðhorf tungumálsins sé almennt mjög jákvætt.

Spurningavagn Maskínu fólk með íslensku að móðurmáli

97%

þykir vænt um
íslenskluna

89%

nota íslensku
í starfi/störfum

Hentugleikaúrtak RHA meðal innflytjenda


93%

þykir vænt um
íslenskluna

62%

nota íslensku
í starfi/störfum

Hversu mikilvæg eða lítilvæg er íslenska í daglegu lífi þínu núna



Hversu mikilvæg eða lítilvæg er íslenska í daglegu lífi þínu núna



Ráðgert er að skýrsla með heildarniðurstöðum viðhorfskannanna verði gefin út síðla árs 2024.

Kjarni íslenskrar málstefnu er **jákvætt viðhorf** til íslenskrar tungu með málrækt að leiðarljósi. Það felur í sér vilja til að varðveita tungumálið en um leið að íslenska sé löguð **meðvitað og skipulega** að nýjum aðstæðum sem hefur í för með sér að viðmið um það sem telst gott mál eða málstaðall hlýtur að taka breytingum.

Mikilvægi lista og menningar

Íslensk tunga er fjöregg íslenskrar menningar og framtíð íslenskunnar og íslenskra lista og menningar haldast að mörgu leyti í hendur. Því er brýnt að mikilvægi tungumálsins sé ávallt haldið á lofti í samhengi við listsköpun og menningarstarfsemi, ekki síst þegar kemur að börnum og ungmennum. Allir sem sinna hvers kyns miðlun verða að vera meðvitaðir um þátt sinn í að efla íslenskra tungu, án þess að slíkt gangi gegn tjáningarfrelsi þeirra eða listrænu frelsi.

Í gildandi menningarstefnu kemur fram að íslensk tunga sé ríkur þáttur í sjálfsmynd landsmanna og hana beri að efla á sem flestum sviðum samfélagsins í samræmi við íslenska málstefnu. Annað leiðarljós í menningarstefnunni er mikilvægi aðgengis að menningarstarfi og vitund, rannsóknir og miðlun á íslenskum menningararfi.

Leitast er við að skapa skilyrði fyrir fólk á öllum aldri og hvar sem það stendur í máltileinkun sinni til að skapa og miðla list sinni á íslensku. Leitast þarf við að skapa réttu skilyrðin svo að sjálfsagt mál sé fyrir fólk á öllum aldri að skapa og miðla list sinni á íslensku.

Megináhersla í aðgerðinni er á menningu barna og ungmenna og mikilvægi íslenskunnar í því samhengi. [Barnamenningarverkefnið List fyrir alla](#) hefur fest sig í sessi en markmið þess er að jafna aðgengi barna og ungmenna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Á hverju ári fara fjölbreyttir listamenn og skapandi fólk í heimsóknir í skóla vítt og breitt um landið til þess að sýna, miðla eða skapa með ungu fólki. Á næsta skólaári verður sérsök áhersla á málefni íslenskunnar í starfi Listar fyrir alla með fjölbreyttum verkefnum sem miða að því að efla tengsl íslensku og sköpunar hjá ungu fólki.

Verkefni undir yfirskriftinni [Málæði](#) eru mótuð í samvinnu við rýnihóp ungmenna og kennara og fjölmarga aðra sem láta sig málefni íslenskunnar varða, s.s. mennta- og barnamálaráðuneyti, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, RÚV, Listaháskóla Íslands, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Miðju máls og læsis.

Sjá nánar kaflann Ungt fólk og íslenska á bls. 53.



List fyrir alla



Aukin talsetning og textun á íslensku


Tæknibyltingar og samfélagsbreytingar undanfarinna áratuga hafa stórukið ensku-notkun og enskt málareiti í íslensku samfélagi. Brýnt er að sem mest af því efni sé einnig aðgengilegt á íslensku. Fyrsta skrefið í því samhengi er að greina umfang og möguleika á aukinni talsetningu og textun myndefnis á íslensku, með sérstaka áherslu á börn og ungmenni og heyrnar- og sjónskerta.

Íslenskir fjölmiðlar, sem texta og talsetja efni á íslensku, hafa bent á að ákvæði í lögum um fjölmiðla um vernd íslenskrar tungu séu íþyngjandi vegna kostnaðar sem af því hlýst. Gerð verður greining á umfangi og möguleikum fyrir aukna talsetningu og textun með það fyrir augum að koma á fót talsetningar- og textasjóði. Sjóður gæti komið til móts við þær kröfur sem gerðar eru til fjölmiðlaveitna um talsetningu og textun með áherslu á efni fyrir börn og ungmenni og heyrnar- og sjónskerta. Aðgerðin tengist mótun fjölmiðlastefnu til ársins 2030 (sjá nánar á bls. 56)

Miklu skiptir fyrir vöxt og viðgang íslenskrar tungu að lögð sé **alúð í máluppeldi** barna. Með því er átt við að leggja sig fram um málrækt og málörvun barna frá upphafi máltökuskeiðs og að því sé fylgt eftir allt skeiðið á enda. Málfærni barna á leikskólaaldri gefur vísbendingu um hvernig þeim gengur í námi síðar á skólagöngunni. Foreldrar og aðrir aðstandendur, skólakerfið og stjórnvöld hafa **mikilvægu hlutverki** að gegna við að efla málfærni barna og unglunga.

Íslensk málstefna, 2021





Íslenskugáttin m.is

[Árnastofnun](#) vinnur að þróun nýrrar vefgáttar með upplýsingum og fræðslu um íslenskt mál sem sérstaklega er hugsuð fyrir ungt fólk í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum sem og fólk sem er að læra íslensku sem annað tungumál.

M.is tvinnar saman gögn og upplýsingar úr fyrirliggjandi orðabókum og orðasöfnum, sem nú eru m.a. aðgengileg á vefnum Málið.is og öðrum vefsíðum á vegum Árnastofnunar. Birting gagnanna er samræmd og einfölduð með hliðsjón af því hvernig yngri kynslóðir leita sér að upplýsingum í dag. Þá eru máltæknilausnir nýttar til þess að bæta aðgengi notenda. Hönnun síðunnar og þarfagreining var unnin af hönnunarstofunni Kolibri í samvinnu við fulltrúa notenda.

Í fyrstu útgáfu vefsins er hægt að fletta upp í þremur orðabókum, íslenskri, íslenskenskri og íslensk-pólskri, og fá skýringar og dæmi um notkun, sjá hvernig orð beygjast og þýða setningar milli íslensku og ensku með hjálp vélþýðingar. Einnig geta notendur flett upp algengum málfræðihugtökum í hugtakasafninu. Mögulegt er að tala inn orð og setningar og hlusta á framburð orða með hjálp íslenskra máltæknilausna.

Vefurinn verður þróaður áfram með hliðsjón af þörfum ungs fólks og annarra sem eru að læra íslensku.

Sýnileiki íslensks fræðsluefnis og hjálpartóla á netinu er annað mikilvægt atriði sem ber að nefna ... Íslensk málnefnd telur mikilvægt að enn fleiri tegundir gagnasafna verði gerðar **aðgengilegar notendum** að kostnaðarlausu.

Íslensk málstefna, 2021



Öflug skólasöfn

Skólasöfn jafna aðgengi nemenda á öllum skólastigum að les- og upplýsingaefni af fjölbreyttu tagi. Þannig er safnkostur skólasafna bæði mikilvæg viðbót við námsefni hverju sinni og starfsemi þeirra lykilþáttur í lestraruppeldi og þjálfun í miðlalæsi. Skólar búa við ólíkar aðstæður varðandi safnkost og aðstöðu og bent hefur verið á mikilvægi þess að skerpa á hlutverki þeirra í nútíma skólstarfi.

Mennta- og barnamálaráðuneytið ráðgerir að kortleggja safnkost og starfsemi skólasafna árið 2025 og meta með hvaða hætti skólasöfn mæta þörfum nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi og hvernig söfnin ná að veita nemendum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn þjónustu. Áhersla verður lögð á efni á íslensku sem hentar fjölbreyttum nemendahópi sem er að læra íslensku sem annað mál. Í kjölfar kortlagningarinnar verða sett viðmið um gæði og starf safnanna til að efla þjónustu við nemendur. Aðgerðinni er ætlað að efla læsi og faglegt starf skólasafna og tengist markmiðum í menntastefnu til 2030 um bætt læsi og íslenskukunnáttu, aukinn leskilning og þekkingu á ólíkum tegundum læsis.

Stórefla þarf bókakost og starfsmannahald á skólabókasöfnum eftir áralangan niðurskurð. Bent hefur verið á að skólasöfnin búa við afar þröngan kost og eru jafnvel á mörkum þess að vera starfhæf ... Misjafnt er hve greiðan aðgang börn hafa að bókum við hæfi heima hjá sér og á almenningssöfnum. Skólabókasöfn gegna því ekki aðeins mikilvægu hlutverki fyrir **aðgang að fræðslu og þekkingu**, bæði nemenda og kennara, heldur eru þau einnig vettvangur afþreyingar og miðlunar. Þau eru í senn upplýsingaveita og upplýsingamiðstöð.

Barnmenningarsjóður styrkir verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir og/eða með börnum.

Íslensk málstefna, 2021

Frá úthlutun úr bókasafnasjóði 2024 þar sem 20 milljónum kr. var úthlutað til 12 verkefna. Sjóðurinn miðar að því að efla starfsemi bókasafna.



Vefgátt fyrir rafræn námsgögn

Framsetning og miðlun námsefnis á íslensku tekur örum breytingum sem og samsetning nemendahópa á öllum skólastigum. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu vinnur að þróun miðlægrar vefgáttar fyrir rafræn námsgögn fyrir nemendur á leik-, grunn- og framhaldsskólastigum sem mun bæta yfirsýn og aðgengi kennara, nemenda og foreldra að efninu og auðvelða nauðsynlegar uppfærslur, samræmingu og tengingu námsefnis við hæfniviðmið aðalnámskráa.

Verkefnið er tvíþætt og felur annars vegar í sér rafræna framsetningu á námsefni sem áður hefði e.t.v. einungis verið aðgengilegt í prentuðu formi. Hins vegar er um að ræða stafræna námsefnisveitu sem miðlar námsefni Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, sem og gæðanámsefni frá öðrum traustum útgefendum og framleiðendum námsefnis á einum stað með aðgengilegum hætti til nemenda og kennara.

Ýtarleg þarfagreining hefur verið lögð fyrir helstu haghafa þessa verkefnis og hafa verið lagðar línur að framtíðarfyrirkomulagi rafrænnar gerðar og dreifingar og er verið að kortleggja framvindu verkefnisins yfir næsta árið. Stofnunin hefur þegar hafist handa við að innleiða nýtt kerfi fyrir framsetningu rafræns námsefnis og hefur fyrsta verk litið dagsins ljóst. Ýmis ný tækifæri felast í nýrri framsetningu rafræns námsefnis. Má þar m.a. nefna tækifæri til að innleiða lausnir fyrir nemendur sem þarfnast sértækra úrræða við lestur og nám, m.a. hljóðefni samhliða texta o.fl. Í nýju námsefni má einnig gera ráð fyrir möguleikum á einstaklingsmiðun innan og á milli námsefnis og er gert ráð fyrir að slíkar lausnir muni líta dagsins ljós í námsefni sem útgefið verður skólaárið 2024-2025.

Aðgerðin styður við menntastefnu 2030 þar sem lögð er áhersla á framboð fjölbreyttra námsgagna sem taka mið af möguleikum stafrænnar miðlunar, svo sem efni fyrir íslensku sem annað tungumál sem hentar fjölbreyttum nemendahópi. Þá styður aðgerðin einnig við markmið um aukna nýsköpun í námsgagnagerð og aukið framboð námsefnis, ekki síst á íslensku, í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Sjá nánar um verkefni og hlutverk nýrrar Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu á bls. 48.

Fjölbreytt og **vandað námsefni** í íslensku þarf að vera í boði þar sem jafnframt er tekið mið af nýjustu rannsóknum og fagþekkingu.

Íslensk málstefna, 2021



Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Þórdís Jóna Sigurðardóttir forstjóri Miðstöðvar menntunar og skólajónustu og Einar Þorsteinnsson borgarstjóri undirrituðu samkomulagið um MEMM í maí 2024

Samræmt verklag um móttöku, kennslu og þjónustu við börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn

Unnið er að mótun samræmds verklags um móttöku, kennslu og þjónustu við börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þróunarverkefni, sem fengið hefur yfirskriftina [MEMM](#) (Menntun, móttaka og menning), er þegar í vinnslu.

”

MEMM er risastórt skref í að hrinda í framkvæmd aðgerðum ríkisstjórnarinnar í málefnum útlendinga og ná vel utan um hóp barna sem hefur orðið eftir. Við höfum víða aflað dýrmætrar þekkingar og reynslu og safnað upplýsingum um farsæld barna. Nú leggjumst við á eitt með nýrri stofnun og nýjum verkfærum í að efla og samþætta þjónustuna,

segir Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra.

MEMM-verkefnið verður innleitt á landsvísu í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og frístundastarfi. Þá er verkefninu einnig ætlað að þróa og tryggja öfluga ráðgjöf, námsgögn og verkfæri, sem og stuðning til lausnar flóknari aðstæðum. Stuðningur, ráðgjöf og efni tengt verkefninu verður gert aðgengilegt um allt land með áherslu á skólaskrifstofur sveitarfélaga, leik-, grunn- og framhaldsskóla, og frístundastarf þar sem börnin búa og stunda nám. Verkefnið er liður í [heildarsýn ríkisstjórnarinnar í útlendingamálum](#).

Skólasamfélagið er kjörinn vettvangur inngildingar, stuðnings og menntunar fyrir nýkomnar fjölskyldur og börn. Sérstök áhersla verður lögð á að börn og ungmenni fái íslenskukennslu við hæfi og viðeigandi stuðning í námi sem allra fyrst eftir komu til landsins og svo lengi sem þörf er á. Í áætluninni verður einnig lögð áhersla á miðlun og gerð námsgagna á íslensku og þróun stöðumats fyrir þennan hóp barna auk stuðnings við kennara og skóla vegna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Í inngildingu felst að allir fái notið sín, óháð uppruna, kyni, hæfni eða fötlun, í skóla, á vinnumarkaði eða á öðrum vettvangi, og séu viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur í samfélaginu.

Að verkefninu loknu er ráðgert að mennta- og barnamálaráðherra leggi tillögu til þingsályktunar um verklag, stefnu og aðgerðaráætlun um samræmda móttöku og menntun barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn, sem byggir á reynslu af verkefninu, og að Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu geti boðið stuðning og þjónustu um land allt. Horft er til þess að við lok verkefnisins verði jafnframt búið að kortleggja hvaða gögn og ferla sé hægt að nýta til að fylgjast með námsárangri og félagslegri virkni hópsins.

Markmið farsældarlaganna sem tóku gildi 2022 er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Heildarsýn í útlendingamálum

Meðal aðgerða stjórnvalda í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, flóttafólks og innflytjenda er að:


- auka stuðning við móttöku og málörvun barna á leikskólastigi,
- auka fjármagn til kennslu íslensku sem annars máls í grunnskólum,
- fjölga íslenskubrautum í framhaldsskólum og bæta samfélagsfræðslu,
- efla þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt- og tómstundastarfi,
- styrkja hlutverk Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu gagnvart nemendum af erlendum uppruna.

Í samræmi við vaxandi fjölda þeirra sem læra íslensku sem annað mál er mikilvægt að mörkuð sé heildarstefna í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku. Hefjast þarf handa við að greina vandann og **finna leiðir til úrbóta** með það að leiðarljósi að koma á markvissu heildarskipulagi og kerfisbundnu samstarfi milli skólastiga. Hópurinn er fjölbreyttur og nauðsynlegt að tryggð séu úrræði sem taka mið af því.

Efling íslenskuhæfni starfsfólks í leik- og grunnskólum og frístundastarfi

Íslenska er skólamálið og megintungumál í kennslu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi er íslenska. Starfsfólki með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn hefur fjölgað hratt á íslenskum vinnumarkaði og þar með innan skólakerfisins. Brýnt er að starfsfólk í skólum búi yfir nauðsynlegri hæfni í íslensku til að eiga í samskiptum við nemendur og skapa þannig umhverfi sem stuðlar að aukinni færni þeirra í íslensku.

Viðmið voru sett um íslenskuhæfni kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum árið 2022. Árið 2025 verður hafin vinna við að móta hæfniviðmið fyrir íslenskuhæfni starfsfólks sem vinnur við uppeldi og menntun sem er hvorki með íslensku að móðurmáli né leyfisbréf til kennslu í leik- og grunnskólum. Ráðgert er að gerð verði krafa um íslenskufærni á hæfniprepi B samkvæmt Samevrópska tungumálarammanum. Samhliða þessum auknu kröfum hefur verið unnið að þróun íslenskunámskeiða innan Menntafléttu, t.d. verkefnið Íslenskuþorp í leikskólum um land allt. Á framkvæmdatímabilinu verður framboð og aðgengi að íslenskunámskeiðum fyrir þennan hóp aukið í samstarfi við helstu hagsmunaaðila.



Sambætting íslensku og erlendra móðurmála á fagtengdum grunnnámskeiðum starfsfólks í heilbrigðis-, félags- og umönnunargreinum


Starfsfólki í heilbrigðis-, félags- og umönnunargreinum standa til boða ýmis starfsþróunarnámskeið. Bent hefur verið á mikilvægi þess að endurskoða fagtengd grunnnámskeið fyrir erlent starfsfólk í heilbrigðis- og velferðarþjónustu, skýra stíganda í námi og starfsþróunarleiðir og efla íslenskustuðning með því að sambætta hann móðurmáli starfsmanna.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur falið Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu að kortleggja stöðu íslenskufraeðslu starfsfólks með annað móðurmál en íslensku sem starfar á hjúkrunar- og dvalarheimilum hér á landi. Í [Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu](#) (SFV) eru sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í eigu félagasamtaka, einkaaðila eða opinberra aðila sem sinna velferðarþjónustu samkvæmt þjónustusamningi við ríkið.

Samtökin munu safna upplýsingum og tölfræði um stöðuna og móta tillögur um hvernig byggja megi undir tungumálanám samhliða fjölbreyttum störfum. Lögð er áhersla á mikilvægi þjálfunar starfstengds orðaforða og aðgengis að honum. Við skipulag verkefnisins verður meðal annars horft til sambærilegrar námsþjónustu á [Norðurlöndunum](#).

Markmið aðgerðarinnar er að ná betur til erlends starfsfólks með breyttu fyrirkomulagi fagtengdra grunnnámskeiða með tungumálastuðningi og auka þannig möguleika þeirra til virkrar starfsþróunar og áframhaldandi náms.

Þátttakendur á fagnámskeiðum fyrir starfsfólk í félags- og heilbrigðisþjónustu, 2023



- Erlent ríkisfang
- Íslenskt ríkisfang




Framtíð máltækni

Mikið starf hefur verið unnið í þróun íslenskrar máltækni á síðustu árum undir merkjum máltækniáætlunar stjórnvalda. Fjöldmargir hafa komið að því innviðaverkefni og hérlendis hefur byggst upp dýrmæt reynsla og þekking sem vakið hefur eftirtekt. Afurðir máltækniáætlunarinnar eru opnar svo allir geti samnýtt þær við þróun notendahugbúnaðar og eru kjarnalausnir í íslenskrri máltækni aðgengilegar til niðurbætur og leitar. Notendur gagnanna eru meðal annars frumkvöðlar og nýsköpunarfyrirtæki, málfræðingar, talmeinafræðingar og sérfræðingar í máltækni, innanlands og erlendis.

Meginmarkmiðin í [nýrri máltækniáætlun](#), sem kynnt var vorið 2024, eru að tryggja stafræna framtíð íslenskrar tungu með virkri aðkomu atvinnulífs og almennings:

- **Viðhald og áframhaldandi þróun innviða sem þróaðir voru á verk tíma fyrri máltækniáætlunar stjórnvalda.**
- **Hagnýting og innleiðing máltækni í íslensku atvinnulífi, stjórnsýslu og samfélagi. Sérstök áhersla er lögð á kynningu á íslenski máltækni með það að markmiði að koma íslenskum máltæknilausnum að í hugbúnaðarþróun, bæði hérlendis og hjá erlendum tæknifyrirtækjum.**
- **Samþætting málefna gervigreindar og máltækni til að styrkja samkeppnisstöðu Íslands og auka velsæld í samfélaginu með tungumálið í forgrunni.**

Sjá nánar í kaflanum Íslenska á tækniöld, bls. 42.





Áætlunin var unnin af stýrihóp skipuðum af menningar- og viðskiptaráðherra í maí 2023. Hópin skipuðu Björgvín Ingi Ólafsson formaður, Lilja Dögg Jónsdóttir og Páll Ásgeir Guðmundsson. Með hópnum starfaði Óttar Kolbeinsson Proppé hjá menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

Öflug máltækni er mikilvæg fyrir framtíð íslenskrar tungu.

Eigi íslenska áfram að vera opinbert mál og þjóðtunga landsmanna þarf nauðsynlega að fylgja eftir þróun í máltækni.

Slíkt verkefni má ekki vera átak til skamms tíma heldur verður að líta á það sem verkefni sem aldrei lýkur heldur þróast í takt við **hraða tækniþróun**.

Íslensk málstefna, 2021



Íslenska handa öllum


Unnið hefur verið að mótun [heildstæðrar stefnu í málefnum útlendinga](#) á vettvangi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Stefnan miðar að því að fólk sem sest hér að hafi tækifæri til aðlögunar og virkrar þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði og er unnin í víðtæku samráði. Liður í stefnumótuninni er hvítbókin Samfélag okkar allra.

Stefnan verður víðtæk og snertir fjölda málaflokka þar sem málefni innflytjenda koma inn á alla þætti samfélagsins. Með beinum hætti tengist stefnan menntastefnu fyrir, byggðaaætlun, þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga og aðgerðaaætlun, fyrirhugaðri borgarstefnu og aðgerðaráætlun í þágu íslenskrar tungu.

Liður í stefnumótun í málefnum innflytjenda er [úttekt Efnahags- og framfarastofnunarinnar](#) (OECD) sem kynnt var haustið 2024. Þar er mikilvægi íslenskrar tungu fyrir inngildandi samfélag áréttað með skýrum hætti. Niðurstöður mats OECD gefa til kynna að innflytjendur á Íslandi séu hlutfallslega með minnstu færni í tungumáli síns gístillands miðað við önnur ríki OECD og framlög til kennslu í íslensku fyrir fullorðna séu sömu-leiðis talsvert lægri en framlög til tungumálakennslu í samanburðarríkjum.

Meðal skilgreindra lykilviðfangsefna í stefnunni eru

- **Efla kennslu í íslensku sem öðru máli, tryggja aðgengi að fjölbreyttu námi fyrir ólíkan aldur og jafnt aðgengi um allt land.**
- **Stefna að inngildandi samfélagi þar sem ávallt er gert ráð fyrir að innflytjendur séu þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins.**
- **Tryggja aðkomu innflytjenda að ákvarðanatöku um sín eigin málefni og hlusta markvisst eftir röddum þeirra, líðan og viðhorfum.**





Frá úthlutun úr þróunarsjóði innflytjendamála árið 2023.

Eitt meginmarkmiðanna er að íslenskunám barna og fullorðinna byggi á fjölbreyttum leiðum, sé hvetjandi, faglegt, hagnýtt og aðgengilegt þannig að það mæti þörfum innflytjenda og samfélagsins til samskipta í samfélaginu, í námi og á vinnumarkaði.

Með hliðsjón af aðgerð 18 í aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu verður lögð áhersla á að innflytjendur öðlist grunnfærni í íslensku og þróaðir hvatar sem stuðlað geta að því. Sú grunnfærni í íslensku verður skilgreind og kortlagt hvernig tryggja megi að ákveðnir hópar innflytjenda sækji nám í íslensku og nái árangri í náminu. Þar verður meðal annars litið til norrænna fyrirmýnda og viðurkenndra nálgana til að læra nýtt stafróf eða tileinka sér styðjandi námstækni. Hingað til hefur nám í íslensku verið valkvætt fyrir þau sem flytjast til landsins á fullorðinsárum. Nauðsynlegt er að gera auknar kröfur um íslenskunám og efla hvata innflytjenda til að tileinka sér tungumálið. Að bjarga sér á íslensku og ná stigvaxandi tókum á málinu eykur líkur á farsælli inn- gildingu fólks með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í nýju landi og er mikilvægt fyrir þróun tungumálsins til framtíðar.

Færni í íslensku meðal innflytjenda


14%

innflytjenda hafa ekki sótt sér íslenskukennslu vegna kostnaðar.

46%

innflytjenda hafa ekki sótt sér íslenskukennslu vegna tímaskorts.

- Móðurmál mitt, er reiprennandi
- Mjög góð færni
- Nokkuð góð færni
- Á byrjendastigi
- Engin færni



Samkvæmt könnun Vörðu um stöðu launafólks, 2024

Í þessari vinnu er meðal annars horft til Norðurlandanna. Upplýsingar um réttindi og skyldur til tungumálanáms á nágrannalöndunum og kröfur um tileinkun á ákveðnu færnistigi Samevrópsk tungumálarammans má meðal annars fræðast um [í skýrslu sem Oxford Research](#) vann fyrir Norrænu ráðherranefndina 2023:

	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð
Sveitarfélög bera ábyrgð á tungumálþjálfun	✓		✓	✓
Einkaaðilar gegna mikilvægu hlutverki í tungumálþjálfun	✓	✓		✓
Samningar við einkaaðila fara í gegnum útboðsferli	✓	✓		(✓)
Stuðningur og innkaupafyrirkomulag hafa jákvæð áhrif á gæði námsins	(✓)	✓	✓	(✓)
Allir innflytjendur eiga rétt á formlegri tungumálþjálfun	✓			✓
Tungumálþjálfun verður að vera lokið innan ákveðins tímaramma	✓	✓	✓	
Kennarar verða að hafa tilskilin kennsluréttindi	✓		✓	
Fjárveitingar miðast við að þátttakendur ljúki námskeiðum	✓	✓		✓
Langtímamarkmið miða að virki þátttöku í atvinnulífnu	✓	✓	✓	✓
Þátttakendur þurfa aðuppfylla einstaklingsbundin markmið, með hliðsjón af Samevrópska tungumálarammanum, til að ljúka þjálfun		✓	✓	
Tungumálþjálfun er álitin jöfn og vönduð, sama hver veitir hana	✓	✓	✓	
Óformleg þjálfun og kennsla fyllir í þær eyður sem formleg þjónusta veitir ekki	✓	✓	✓	(✓)
Náið samstarf er við atvinnulífið	✓	✓	✓	✓

Samfélagsverkefni *Gefum íslensku séns* miðar að því að efla áhuga innflytjenda á að læra og æfa sig í íslensku og vitundarvakningu um hvernig samfélög geta sem best skapað aðstæður til þess. Verkefnið er þróað í samvinnu Háskólaseturs Vestfjarða og Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og hlaut viðurkenningu á málræktarþingi íslenskrar málnefndar árið 2022 og Evrópumerki árið 2023.



Íslenska er sjálfsagt mál


Íslensk málnefnd hefur ítrekað varað við afleiðingum þess að notkunarsvið ensku fari stækkandi hér á landi á kostnað íslenskunnar, m.a. í almannarýmum. Fræðimenn hafa bent á að ein helsta hættan sem steðjar að íslensku sé þessi umdæmisvandi íslenskunnar, að notkun hennar á ákveðnum sviðum minnki eða hverfi.

Aukinn fjöldi ferðamanna til landsins og umsvif erlendra verzlana hafa til að mynda orðið til þess að sífellt algengara er að texti skilta, upplýsinga á heimasíðum fyrirtækja, auglýsinga og matseðla sé aðeins aðgengilegur á ensku. Leita þarf leiða til að auka meðvitund um mikilvægi sýni- og heyrnleika íslenskunnar því að notkun íslensku í almannarýmum er í senn aðgengis- og jafnréttismál.

Íslensk málnefnd hefur einnig bent á mikilvægi þess að efla jákvætt viðhorf til íslensku í atvinnulífinu. Fjöldmörg fyrirtæki og félagasamtök hafa stuðlað að vitundarvakningu um íslensku og lagt sín lóð á vogarskálina til þess að auka veg tungumálsins og árétta mikilvægi þess. Brýnt er að fjölga markvisst þeim sem leggja tungunni lið. Það er samfélagslegt langtímaverkefni að tryggja sýni- og heyrnleika tungumálsins. Markmið aðgerðarinnar er að virkja fleiri til þátttöku í því samhengi, auka samráð og kalla eftir hugmyndum að aðgerðum úr sem flestum áttum, m.a. frá fulltrúum atvinnulífsins, þriðja geirans og sveitarfélaga. Aðgerðin tengist mótun aðgerðaáætlunar fyrir ferðaþjónustu til ársins 2030.

Íslenska á alls staðar að vera sýnileg á opinberum vettvangi og upplýsingar alltaf **aðgengilegar á íslensku**. Þótt enska og önnur mál geti víða þurft að vera áberandi á það ekki að vera á kostnað íslensku.

Íslensk málstefna, 2021



Starfsþróun og hæfni þeirra sem kenna íslensku sem annað mál

Samsetning nemenda sem sækja íslenskunámskeið fyrir fullorðna innflytjendur hefur breyst mikið á undanförunum árum. Aukin eftirspurn eftir námi og kennslu í íslensku hefur leitt til meiri umræðu um fagmennsku kennara og leiðbeinenda í íslensku sem öðru máli en þeir starfa oft á tíðum sem verktakar utan formlega skólakerfisins.

Markmið þessarar aðgerðar er að auka fagvitund þeirra sem kenna íslensku sem annað mál og að bæta aðstæður þeirra um leið og stefnt er að því að tryggja aðgengi að gæðanámi í íslensku sem öðru máli um land allt. Því þarf að rýna hæfnikröfur þeirra sem kenna fullorðnum innflytjendum íslensku og stuðla að endurmenntun þeirra og þekkingu á stafrænum kennsluáferðum, námsgögnum og námsmati úr frá Samevrópskum tungumálaramma. Sá miðlægi stuðningur þarf aðkomu stjórnvalda og samstarf við þá sem best þekkja til kennslufræða og íslenskunáms.


Við endurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu var gerð úttekt á gæðamálum íslenskukennslu fyrir fullorðið fólk með annað móðurmál en íslensku. Þar kom fram að kennarar og leiðbeinendur á íslenskunámskeiðum hafi fjölbreyttan bakgrunn og menntun og kostur þætti að kennarar hefðu kennsluréttindi en fræðsluáðilar teldu ekki raunhæft að gera kröfu um slíkt því ekki væri nægt framboð af menntuðum kennurum. Þá var bent á að fjármagn skorti til að endurmennta kennara og því væru þeir í flestum tilfellum verktakar eða sjálfboðaliðar sem þyrftu að huga að sinni endurmenntun sjálfir.

Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu frá 2010 er ekki gerð krafa um kennsluréttindi til að kenna það nám og þau úrræði sem lögin ná yfir. Þá hefur heldur ekki verið gerð sú krafa til kennara að hafa sérþjálfun eða þekkingu í íslensku sem öðru máli. Hvort gera megi kröfu um slíkt og þá hvernig verður skoðað innan þessarar aðgerðar.

Kröfur á Norðurlöndunum

- **Þau sem kenna innflytjendum dönsku sem annað mál þurfa að hafa lokið 30 ECTS einingum í dönsku.**
- **Þau sem kenna innflytjendum norsku þurfa að hafa lokið 30 ECTS einingum í norsku.**
- **Í Finnlandi er kröfur ekki skilgreindar í lögum en koma fram í útboðslýsingum.**
- **Þau sem útskrifa nemendur í Svíþjóð úr námi í sænsku sem öðru máli þurfa að hafa lokið 30 ECTS einingum í sænsku.**

Samkv. skýrslu [Oxford Research](#) fyrir Norrænu ráðherranefndina.



Fræðsla um máltöku og málþroska barna

Mikilvægi máláreitis – þess tals sem börn heyra og vinna úr á máltökuskeiði – og málörvunar fyrir málþroska barna og ungmenna er óumdeilanlegt. Aukin enskunotkun í málumhverfi barna á máltökuskeiði er líkleg til að valda breytingum á bæði formi íslenskunnar og notkun hennar og því þarf að huga vel að málumhverfi barna og ungmenna til að styrkja stöðu íslenskrar tungu.

Á árunum 2025-2026 verður eflað fræðsla til foreldra og fagfólks í skólastarfi um mikilvægi þess tungumáls sem börn læra fyrst fyrir málþroska og máltöku barna og ungmenna.

Undanfarin misseri hefur verið lögð áhersla á markvissa þróun og framboð starfsþróunarnámskeiða sem styðja við læsi og lestur, m.a. málörvun, máltöku og leskilning innan Menntafléttu sem er starfsþróunarvettvangur fyrir kennara, stjórnendur og annað starfsfólk skóla, fjármöggnuð af stjórnvöldum. Gert er ráð fyrir að byggt verði ofan á fyrirliggjandi starfsþróunarframboð til að mæta þessari aðgerð.





Fræðsla og ráðgjöf handa innflytjendum þegar börn þeirra hefja skólagöngu í íslenskum skólum

Á árunum 2024-2026 verða í tengslum við innleiðingu samræmds verklags um móttöku, kennslu og þjónustu við börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn útfærðar leiðir til að tryggja foreldrum úr hópi innflytjenda fræðslu og ráðgjöf þegar börn þeirra hefja nám í íslenskum skólum. Markmiðið er að finna leiðir til að miðla upplýsingum um skólastarfið og tryggja foreldrum kennslu í íslenskum orðaforða sem tengist skólagöngu barna og ungmenna.

Sjá einnig á aðgerð á bls. 28.

Hvað gera brúarsmiðir?

Brúarsmiðir eru tvítýngisráðgjafar sem vinna sem tengiliðir milli heimila og skólasamfélags fyrir börn og ungmenni með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Hlutverk brúarsmiðanna er að við styðja íslenskunám barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum og liðsinna foreldrum barnanna og kennurum þeirra með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Góð reynsla er af starfi brúarsmiða hjá *Miðju máls og læsis* hjá Reykjavíkurborg en innleiða á hliðstætt verklag á vettvangi fleiri sveitarfélaga.



Íslenska á tækniöld

Tæknin er sívaxandi þáttur í daglegu lífi okkar Íslendinga. Nýjar lausnir sem auðvelda okkur lífið spretta upp með áður óséðum hraða og verður tæknin sífellt mikilvægari þáttur í bæði vinnuumhverfi og einkalífi fólks. Það skiptir höfuðmáli að við getum notað tæknina á okkar móturmáli, íslensku.

Síðustu ár hefur enskan sótt á á kostnað íslensku á ýmsum sviðum samfélagsins. Tæknin er eitt þeirra sviða þar sem enska hefur ráðið ríkjum síðustu ár. Með auknu mikilvægi tækninnar fyrir líf almennings er eitt stærsta verkefni fyrir framtíð tungumálsins að tryggja að hægt sé að nota það í hinum stafræna heimi. Það verður ekki gert nema með markvissri þróun íslenskrar máltækni.

Máltækni felur í sér alla þá tækni sem gerir hugbúnaði tækja kleift að fást við tungumál en framtíð allrar tölvunotkunar verður samofin slíkri tækni. Með aukinni notkun gervigreindar hafa nú opnast áður óþekktir möguleikar til þess að hagnýta gríðarstór texta-, mál-, og upplýsingasöfn.

Máltækniáætlun

Stjórnvöld áttuðu sig á þessu vandamáli og árið 2019 var innleidd fyrsta máltækniáætlun á Íslandi. Hún náði til ársins 2022 en í henni fjárfestu stjórnvöld í þróun íslenskra máltækniinnviða fyrir rúman 1,7 milljarða kr. Á meðal þeirra innviða sem voru þróaðir á tímabilinu voru vélþýðing úr ensku í íslensku, íslenskur talgreinir, íslenskur talgervill auk tæknibúnaðar sem leiðréttir stafsetningar- og málfræðivillur. Einnig var gríðarlegum fjölda gagna á íslensku safnað undir áætluninni sem hafa síðan nýst við að þjálfa gervigreindarmállíkön í íslensku.

Samhliða fyrstu máltækniáætlun hlutu hagnýt máltækni-verkefni styrki úr Markáætlun um tungu og tækni fyrir meira en hálfan milljarð kr.

Fyrstu máltækniáætlun er nú lokið og verið að innleiða þá næstu sem felst í rúmlega 1,4 milljarða kr. fjárfestingu stjórnvalda og nær út árið 2026. Sú áætlun leggur áherslu á að koma þeim tæknilegu innviðum sem búið er að smíða fyrir íslensku í almenna notkun og því fjallar hún að miklu leyti um þróun endalausna og það verkefni að koma íslenskri máltækni að í lausnum erlendra tæknifyrirtækja.



Talgreinir

Breytir töluðu máli í ritmál



Talgervill

Breytir ritmáli í talað mál



Vélþýðing

Sjálfvirkar þýðingar



Málrýnir

Greinir málfræði, orðanotkun og villur



Málföng

Gagnasöfn um íslensku




Frá ráðstefnunni Framtíðin svarar á Íslensku í mars 2023 þar sem rætt var um áfanga sem náðst hafa í íslenskri máltækni og framtíð tungumálsins samhlíða þróun gervigreindar. Meðal þátttakenda voru Guðni Th. Jóhannesson, þáverandi forseti Íslands, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra og fulltrúar bandaríska tæknifyrirtækisins OpenAI.


Á meðal aðgerða í nýrri máltækniáætlun er að stjórnvöld vinni að því að tryggja aukna samlegð máltækni og gervigreindar og finni þeim málefnum sameiginlega heimilisfesti áður en áætluninni lýkur árið 2026.

Samhlíða nýrri máltækniáætlun verður 640 milljónum kr. úthlutað til hagnýtra máltækni-verkefna úr markáætlun Rannís á tímabilinu 2023-2026.

Heildarfjárfesting stjórnvalda á árunum 2018-2026 til að tryggja stafræna framtíð íslenskunnar er því um 4,3 milljarðar kr.

Fjárframlög til máltækni





Anna Makanju aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðamála Open AI og Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra.

Samstarf við OpenAI

Fyrirtækið OpenAI var á meðal þeirra sem sendinefnd forseta Íslands og menningar- og viðskiptaráðherra heimsóttu vorið 2022 í því skyni að kynna íslenska máltækni og áherslur stjórnvalda. Fyrirtækið er leiðandi í alþjóðlegri umræðu um opið aðgengi að gervigreindartækni og ábyrga þróun hennar. Í kjölfar fundarins komust á tengsl milli lykilmálhólfur hér heima og vestanhafs og í mars 2023 kynnti OpenAI uppfærslu á gervigreindarmállíkaninu GPT þar sem [íslenska var valin fyrst tungumála](#), utan ensku, í þróunarfasa. Þá höfðu 40 sjálfboðaliðar unnið að því á vegum máltæknifyrirtækisins Miðeindar að þjálfa líkanið í að svara betur á íslensku.

Framtak þetta vakti mikla athygli, bæði hér heima og erlendis. Þróun gervigreindarmállíkana er ör og nákvæmni þeirra og geta í íslensku eykst með hverri uppfærslu. Íslensku má nú finna m.a. í GTP líkönum OpenAI og Claude sem fyrirtækið Anthropic gefur út.

”

Það er sannarlega magnaður áfangi fyrir íslenskuna að tungumálið okkar hafi verið valið í þróunarfasa fyrir nýjustu útgáfu gervigreindarmállíkansins GPT-4, fyrst allra tungumála fyrir utan ensku. Samstarfsverkefni með fyrirtækinu OpenAI hefur komið því til leiðar að stærsta gervigreindarnet heims er nú fínþjálfað til þess að skilja og miðla upplýsingum á íslensku. Það er sannarlega stórmál fyrir mál mála – íslenska tungu. Ör þróun gervigreindartækni er afar mikilvæg fyrir tungumál eins og okkar og þar felast mörg sóknarfæri sem flest eru ókönnuð enn – en með samstarfinu fáum við ákveðið forskot til þess. Við viljum jú að framtíðin geti svarað okkur á íslensku.

Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra.

Íslensk stjórnvöld og máltæknisamfélag vinna nú að því með OpenAI að tryggja að sú þekking sem skapast hefur með samstarfinu um íslenskuna nýtist fleirum. Unnið er að gerð handbókar um máltækni og gervigreind sem nýst gæti fyrir fleiri tungumál.

RÚV-ORÐ

Menningar- og viðskiptaráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hafa gert samning við RÚV um að innleiða nýja sjálfsnámslausn sem aðstoðar innflytjendur og flóttafólk við að læra íslensku af mynd- og útvarpsefni RÚV. Verkefnið er unnið í samstarfi við Sprákkraft, sem eru sænsk óhagnaðardrífín félagasamtök.

Vefurinn [RÚV Orð](#) er aðgengilegur í spilaraumhverfi RÚV. Þar er hægt að velja sjónvarpsefni frá RÚV og tengja það við þýðingar yfir á tíu tungumál. Fólk velur færnistig í samræmi við íslenskukunnáttu sína með hliðsjón af sex færnistigum Samevrópska tungumálarammans, allt frá því að skilja aðeins mjög einföld orð og setningar upp í að geta auðveldlega lesið nánast allt ritað mál á íslensku.

Þegar notendur hafa valið færnistig geta þeir horft á það sjónvarpsefni sem birtist í RÚV Orð og æft sig á orðum og setningum. Íslenskur texti sem birtist á skjánum er litakóðaður í samræmi við íslenskufærni notandans. Vefurinn er gagnvirkur og þar er til að mynda hægt að vista orð til að læra síðar og leysa próf og verkefni. Vonir standa til þess að persónuleg nálgun hvetji innflytjendur til að læra íslensku á sinn hátt og út frá sínu áhugasviði.

Markmiðið með verkefninu er að stuðla að inngildingu fólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íslenskt samfélag með því að tryggja aðgang að stafrænni tungumálalálfun af viðurkenndum gæðum, byggða á efni úr miðlum RÚV. Um leið eykst aðgengi innflytjenda að íslensku samfélagi og lýðræðislegri umræðu.

- Enska
- Franska
- Þýska
- Lettneska
- Litháíska
- Pólska
- Rúmenska
- Spænska
- Taílenska
- Úkraínska





Verið velkomin í Eddu

Edda er nýtt og glæsilegt kennileiti í borginni þar sem fram fer fjölbreytt starfsemi Árnastofnunar og Íslensku- og menningardeildar Háskóla Íslands. Húsið var formlega opnað á vordögum 2023 og hlaut þá nafnið Edda, að undangenginni nafnasamkeppni. Fram að því hafði húsið ýmist gengið undir nöfnunum Hús íslenskunnar eða Hús íslenskra fræða.

Metþátttaka var í nafnasamkeppninni en tillögur bárust frá hátt í 3400 þátttakendum sem lögðu rúmlega 1600 tillögur fram. Dómnefnd valdi nafnið Edda sem nú hefur fest sig rækilega í sessi.

Á sumardaginn fyrsta 2023 var húsið opið almenningi og streymdu gestir að við undirleik lúðrasveitar, söng barnakórs, fyrirlestra og fleiri atriði til fróðleiks og skemmtunar. Um 13.000 manns sóttu húsið heim þennan dag. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, sem hafði tekið skóflustungu að húsinu tíu árum fyrr, flutti ávarp við opunarhátíðina og vitnaði í orð skáldkonunnar Júlíönu Jónsdóttur um íslenska tungu við það tækifæri:

Lífi íslenska móðurmálið
á meðan stendur himinn blár,
hreint eins og gull og hart sem stálið
hljómi það skært um gjörvöll ár.

Edda er miðstöð rannsókna og kennslu í íslenskum fræðum, jafnt íslenskri tungu, bókmenntum og sögu. Í húsinu verða varðveitt ýmis merkustu gögn sem varða íslenska menningu, jafnt elstu handrit sem yngri gögn um íslensk orð, örnefni og þjóðfræði. Í Eddu eru ýmis sérhönnuð rými fyrir varðveislu, rannsóknir og sýningu á fornum íslenskum skinnhandritum, vinnustofur kennara og fræðimanna, lesaðstaða fyrir nemendur, fyrirlestra- og kennslusalir og bókasafn með lesaðstöðu.

Edda var valin „Staður ársins“ á [Hönnunarverðlaunum Íslands 2023](#).



Handritin

Fyrstu handritin úr handritasafni Árna Magnússonar bárust til Íslands frá Danmörku 21. apríl 1771. Þetta var upphafið á skiptingu handritasafnsins milli landanna tveggja samkvæmt samkomulagi frá 1661. Síðustu handritin, af þeim sem eiga munu varanlega heimilisfesti á Íslandi, komu svo til landsins 1997. Eftir skiptingu safnsins eru 1666 handrit og handritabrot úr safni Árna í Árnastofnun á Íslandi. Annað eins er áfram varðveitt á Árnastofnun í Kaupmannahöfn. Handritaarfur Árna Magnússonar er þannig varðveittur í tveimur löndum.

Menningar- og viðskiptaráðherra Íslands og mennta- og vísindamálaráðherra Danmerkur settu af stað vinnu við endurnýjun handritasamningsins fyrir árið 2021. Afrakstur þeirrar vinnu er ný sameiginleg yfirlýsing ráðherranna um mikilvægi handritasafns Árna Magnússonar fyrir menningu þjóðanna ásamt samkomulagi um að liðka fyrir lánum á handritum milli landanna tveggja. Þá er gert ráð fyrir að halda tvær alþjóðlegar ráðstefnur um menningararfinn sem fólgin er í handritunum. Sú fyrri verður á Íslandi 2025 og sú síðari árið 2026 í Danmörku. Þá verður sérstöku fé veitt til að styðja við rannsóknir á handritunum í báðum löndum og áframhaldandi stafvæðingu handritasafnsins.

Heimur í orðum

Ný sýning á íslensku miðaldahandritunum verður opnuð í Eddu á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2024, afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar. Þar gefst fólki, jafnt íslenskum almenningi sem erlendum ferðamönnum, kostur á að berja þennan dýrmæta menningararf augum í rými sem er sérhannað til sýningar á handritunum. Á sýningunni verður kappkostað að opna fjölbreyttan heim handritanna fyrir gestum.

Sýningin ber yfirskriftina [Heimur í orðum](#). Þar verða fornar sögur og fræg kvæði í handritunum til sýningar og jafnframt ýmsir textar sem spegla hugmyndir fyrri kynslóða um líf sitt og samfélag. Aðaláhersla þessarar sýningar verður að opna hinn lokaða heim handritanna og sýna fjölbreytt og ríkulegt innihald þeirra þar sem líf, dauði, tilfinningar og trú, völd og heiður koma við sögu. Fjallað verður um erlend áhrif á íslenska menningu á miðöldum og á íslenska tungu en einnig um áhrif íslenskra bókmennta erlendis.





Læsi og menntamál

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu tók til starfa vorið 2024 en hlutverk hennar er m.a. að styðja, efla og samhæfa menntun, skólaþjónustu og annað skólastarf. Stofnunin þjónustar leik-, grunn- og framhaldsskóla um land allt. Málafni íslenskrar tungu tengjast starfi nýju stofnunarinnar með margvíslegum hætti og tengjast bæði sífelluverkefnum MMS og kerfisbreytingum sem þar eru í vinnslu.



Nýtt námsmat


Matsferill er yfirheiti yfir heildstætt safn matstækja sem verið er að þróa. Því er ætlað að meta stöðu og framfarir grunnskólanemenda í ólíkum greinum, þar á meðal íslensku og íslensku sem öðru máli. Niðurstöður prófa innan matsferilsins munu hjálpa kennurum, nemendum, foreldrum og öðrum sem koma að námi nemandans að gera sér grein fyrir námsstöðu hverju sinni, með hliðsjón af völdum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, og styðja við upplýstar ákvarðanir um næstu skref í námi og kennslu. Matsferill er yfirgripsmikið námsmatskerfi og þróun þess því langtímaverkefni.

Lesferill er mikilvægur hluti Matsferils og inniheldur próf sem meta stöðu og framvindu nemenda í grunnþáttum læsis; þ.e. lesfimi, lesskilningi, ritun, orðaforða og málskilningi. Lesferill inniheldur auk þess skimunarpróf fyrir börn á leikskólaaldri sem ætlað er að finna börn sem eiga í hættu á að lenda í erfiðleikum með lestur og lesskilning síðar á skólagöngunni, og ýmis verkfæri sem nýtast kennurum við mat og kennslu á sviði málþroska og læsis.

Vinna við Lesferil hófst með útgáfu lesfimiþróa og viðmiða, sem einnig hefur verið fylgt eftir með útgáfu handbókar og stuðningsefnis til þess að auðvelda kennurum að nýta niðurstöður þeirra í kennslu. Lesfimiþrófin eru notuð í um það bil 95% skóla á landsvísi.

Þróun á stöðu- og framvinduprófum í lesskilningi stendur nú yfir, auk þess sem rammi sem er ætlaður til stuðnings kennslu og mats á ritun er í burðarliðnum. Einnig er unnið að mörgum verkefnum í samvinnu við háskólasamfélagið, þar á meðal skimunarprófi fyrir seinkuðum málskilningi barna á leikskólaaldri og mat á námsorðaforða nemenda í 4 til 10. bekk.

Lesskilningur 2000–2022



Meðalstig íslenskra nemenda í lesskilningi í PISA 2000–2022 ásamt meðaltali 36 OECD-ríkja. Feitletruð ártöl tákna að sviðið var aðalsvið PISA. Skekkjumörk sýna staðalskekkju meðaltala.

Íslenska sem annað mál

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu vinnur að aðlögun *Stöðumats fyrir nemendur með íslensku sem annað mál* og útbýr dæmi um móttökuáætlanir til að aðstoða skóla og samfélög við að taka á móti nýjum þjóðfélagshópum og auka með því jöfnuð á milli aðila með ólíkan menningar- og tungumálabakgrunn. Þá hefur stofnunin ráðið til starfa sérfræðinga sem hafa sérþekkingu á sviði íslensku sem annars tungumáls. Samhliða því mun aukinn þungi verða lagður í útgáfu námsefnis þar sem markhópurinn er nemendur sem hafa íslensku sem annað mál. Þá verður áfram unnið að gerð efnis sem eflir lesskilning nemenda.



Endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla

Aðalnámskrá er mikilvægasta verkfæri fræðslufyrvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Hún markar starfsramma stjórnenda, kennara og starfsfólks skóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi sem þeim er skylt að útfæra, m.a. í skólanámskrá. Unnið hefur verið að endurskoðun greinasviða aðalnámskrár grunnskóla hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og mennta- og barnamálaráðuneytinu með það að markmiði að einfalda og samræma undirkafla greinarsviða hennar og útgefin hæfni viðmið en ákall hefur verið um slíka endurskoðun frá skólasamfélaginu. Endurskoðunin felur meðal annars í sér rýni og breytingar á umfjöllun um námsgreinina íslensku, íslensku í öllum námsgreinum og lestur og lestrarmenningu. Breytingar á aðalnámskránni verða kynntar síðar í vetur ásamt áætlun um innleiðingu þeirra.

Heildarendurskoðun á útgáfu námsgagna

Mennta- og barnamálaráðherra lagði fram [frumvarp til laga um námsgögn í september 2024](#). Lengi hefur verið kallað eftir bættu fyrirkomulagi við útgáfu námsgagna hér á landi en frumvarpið byggir að hluta á vinnu starfshóps sem ráðherra skipaði í samræmi við aðgerð 9 í [menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030](#).

Með frumvarpinu er lagt til að börn að 18 ára aldri muni, að loknu innleiðingatímabili, eiga rétt á gjaldfrjálsum námsgögnum í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Lagt er til að einfalda starfsemi námsgagnasjóðs en útvíkka hlutverk þróunarsjóðs námsgagna á þann hátt að heimilt verði að sækja um styrk til þýðinga á námsefni og að höfundar námsefnis fyrir tónlistarskóla geti sótt um í sjóðinn. Lagt er til að útfært verði leiðbeiningar- og fræðsluhlutverk þróunarsjóðs námsgagna með því að umsækjendur geti sótt sér faglegan stuðning við útgáfu og vinnslu þeirra verkefna er styrk hljóta. Þá er lagt til að unnin verði útgáfuáætlun námsgagna sem kveður á um áherslur í námsefnisgerð til fimm ára í senn og að ráðherra verði veitt heimild til útgáfu gæðaviðmiða um gerð og útgáfu námsgagna.

Um tímamótaaðgerðir í menntakerfinu er að ræða og víðfeðmar breytingar sem munu efla aðgengi nemenda og kennara að námsgögnum, gefa stjórnvöldum betri sýn yfir stöðuna í menntakerfinu og efla þannig getu til aðgerða og eftirfylgni.

— Sjá einnig aðgerð á bls. 28.



Frá málþingi um framtíðarfyrirkomulag námsgagna í febrúar 2024.


Málfærni barna í grunnskóla leggur grunninn að síðara námi. Íslenska er ekki einvörðungu námsgrein heldur mikilvægasta verkfærið í náminu. Færni í íslensku stuðlar að **betri lesskilningi** en það er grundvallaratriði eigi börn að tileinka sér námsefni á bók. Mikilvægt er að börn á grunnskólaaldri fái **skýr skilaboð** um að þau hafi góð tæk á íslensku til þess að þau verði henni ekki fráhverf og kjósi ensku eða önnur mál fram yfir hana.

Íslensk málstefna, 2021

Þó að enn sé **margt á huldu** um áhrif málsambýlis íslensku og ensku má búast við að stóraukin notkun ensku hafi veruleg áhrif á færni þeirra barna og ungmenna, sem nú alast upp, í íslensku samfélagi enda eru þau móttækilegri fyrir slíkum áhrifum en þau sem eru komin af máltökuskeiði. Aukið enskt máláreiti meðal íslenskra barna felur að líkindum jafnframt í sér að hlutur íslensku á máltökuskeiði barna minnki. Hættan sem í því er fólgin er sú að **börn fari á mis við** nauðsynlegt íslenskt máláreiti og heyri jafnvel of litla íslensku talaða til þess að það nægi þeim til að byggja upp sterkt íslenskt málkerfi og málkennd.

Íslensk málstefna, 2021

Samfélagsmiðlanotkun barna og ungmenna



Samkvæmt [skýrslu](#) Fjölmíðlanefndar og Menntavísindastofnunar, Börn og netmiðlar 2022.

Ungt fólk og íslenska

Ungt fólk verður fyrir miklu ensku málareiti, til dæmis í gegnum samfélagsmiðla, og því hætt við að íslenskunotkun þeirra minnki á sumum sviðum.

Veturinn 2024 var skipulögð samkeppni um gerð og miðlun efnis á íslensku á samfélagsmiðlum, að frumkvæði ríkisstjórnarinnar sem styrkti verkefnið sérstaklega. Verkefninu var fundinn farvegur innan „[vandamálaráðuneytisins](#)“. Það nýja ráðuneyti fékk til liðs við sig margs konar hæfileikafólk til þess að hvetja sem flest til að gera fjölbreytt samfélagsmiðlaefni á fjölbreyttri íslensku. Þátttakendur í keppninni sýndu og sönnuðu að íslenskan er bæði sprellifandi og skapandi tungumál og átti dómnefnd keppinnar úr töluvert vöndu að ráða. Alls bārust rúmlega 160 fjölbreyttar innsendingar í efniskeppnina en sigurvegarinn var 15 ára kvikmyndagerðarmaður úr Hafnarfirði, sem hreif dómnefndina með endurgerð og staðfærslu sinni á atriði úr nýlegri bíómynd.

Það er
lowkey
hellað
kalt í dag

Er þetta málið?



”

Metnaðarfullt og skemmtilegt myndband þar sem fjölbreyttir hæfileikar þátttakanda njóta sín, auk íslenskrar tungu. Endursköpun flókens kvikmyndaatriðis er leyst með miklu hugmyndaflugi, sköpunarkrafti og natni við smáatriði þar sem öllum brögðum er beitt. Ástríða fyrir viðfangsefninu leynir sér ekki, það er allt hægt á íslensku!

Umsögn dómnefndar



Íslenskan í háskólasamfélaginu


Allir íslenskir háskólar hafa sett sér málstefnur sem taka á því tvíþætta hlutverki sem háskólar gegna, það er að stuðla að eflingu íslenskrar tungu samhliða því að starfa í alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Lögð er áhersla á að veita nemendum og starfsfólki sem ekki hafa íslensku að móðurmáli stuðning og rými til að stunda íslenskunám ásamt því að veita alhliða fræðslu og stuðning í íslensku máli til nemenda með ritverum auk þess sem kennarar eiga kost á málfrádráðgjöf við að koma námsefni og rannsóknnum á framfæri á íslensku.

Rannsóknarstarf er að miklu leyti alþjóðlegt í eðli sínu og fer því oft en ekki fram á ensku í alþjóðlegu samstarfi. Til að mæta þessu hafa háskólarnir farið þá leið að hvetja starfsfólks sitt til að miðla niðurstöðum rannsókna sinna og fræðiheimum til nemenda á íslensku. Að auki er starfsfólk háskólanna hvatt til þátttöku í iðorðagerð á sínum fræðasviðum.

Unnið er að fjölþættum rannsóknum tengdu íslensku máli, bókmenntum, sögu og menningu, m.a. hjá Árnastofnun en þar er jafnframt rekin CLARIN miðstöð, samstarfsnet sem styður við skráningu, viðhald, varðveislu og notkun mállegra gagna og búnaðar til rannsókna á gögnum í hug- og félagsvísindum. Þá er Málvísindastofnun Háskóla Íslands einnig mikilvægur vettvangur rannsókna í málvísindum.



Brautskráð úr grunnnámi (B.A.) frá Háskóla Íslands



Íslenska sem námsgrein á háskólastigi

Íslenska er kennd á B.A. og M.A. stigi við Háskóla Íslands. Í náminu öðlast nemendur viðtæka þekkingu á margvíslegum greinum íslenskra bókmennta frá ólíkum tímabilum og skilning á mikilvægum kenningum í bókmenntafræði. Nemendur fá einnig góða yfirsýn yfir íslenskt málkerfi á öllum öldum og þjálfun í að beita fræðilegum hugmyndum og hugtökum á málfræðileg gögn úr íslensku.

Íslenska sem annað mál er kennd í **X** háskólum en fjölmennasta deild þess náms er við Háskóla Íslands og er jafnframt vinsælasta námsgrein þess skóla. Vorið 2024 bárust um 800 umsóknir um námið samanborið við 590 umsóknir árið á undan.

Að jafnaði eru yfir 500 nemendur skráðir á námsbrautina Íslenska sem annað mál í HÍ, flestir í fullu námi. Almennt fer kennslan að mestu leyti fram að hausti og vori, en auk þess hefur stundum verið boðið upp á sumarnám líkt og í ár þar sem um 200 nemendur eru skráðir.

Við námsbrautina eru kennd um 50 námskeið á hverju skólaári og mörgum fjölmennum námskeiðum er skipt upp í smærri hópa.

Árið 2023 sóttu rúmlega 1100 nemendur einhvers konar námskeið í íslensku sem öðru máli í Háskóla Íslands, þar af voru 394 nemendur á vorönn og 557 nemendur á haustönn skráðir á námsbrautina Íslenska sem annað mál. Hluti nemenda er af öðrum námsbrautum og tekur aðeins stök námskeið í íslensku.

Námið hefur reynst mörgum nemendum mikilvægur stökkpallur í námi og atvinnulífi en tæplega þriðjungur nemenda úr Hagnýtri íslensku halda áfram í B.A.nám í íslensku sem annað mál og sumir fara í annað háskólanám á Íslandi. Aðeins um 15% nemenda útskrifast úr B.A.námi í íslensku sem öðru máli en um 50% brottfall er úr náminu milli ára. Um 80% ætla sér að útskrifast og aðeins um 10% hætta af því að þau hafa náð markmiðum sínum. Í flestum tilvikum eru samverkandi ástæður sem valda því að nemendur hafa ekki tök á því að ljúka við námið og snúa sér alfarið að vinnu. Unnið er að rannsókn á brottfallinu og verða niðurstöður hennar kynntar á næstu misserum.

1.100
nemendur tóku
námskeið í íslensku
sem öðru máli við
Háskóla Íslands
árið 2023



Áherslur á íslenska tungu í fjölmiðlastefnu

Unnið er að mótun fyrstu íslensku fjölmiðlastefnunnar. Framtíðarsýn hennar er að almenningur hafi greiðan aðgang að fjölbreyttum, ábyrgum og sjálfstæðum fjölmiðlum sem miðli fréttum, samfélagsumræðu og menningu. Í því samhengi er tungumálið lykilþáttur.

Liður í aðgerðum fjölmiðlastefnunnar sem er m.a. tillaga um nýtt menningarframlag streymisveita sem yrði liður í að jafna samkeppnisstöðu innlendra fjölmiðla gagnvart erlendum streymisveitum. Með því yrði alþjóðlegum og innlendum streymisveitum, sem ekki fjárfesta í innlendu íslensku efni, gert að greiða sérstakt framlag sem notað yrði til þess að styðja við gerð íslensks efnis. Ráðgert er að tekjur sem aflað verður með greiðslu menningarframlags muni renna til Kvikmyndasjóðs. Frumvarp um menningarframlag streymisveita er í vinnslu en hefur verið kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda.

Önnur áhersla í fjölmiðlastefnunni verður á aukna textun og talsetningu, sjá einnig á bls. 23, en þar er fjallað um mögulegan stuðning til einkarekinna fjölmiðla vegna talsetningar og textunar barnaefnis á íslensku. Stafrænar lausnir sem byggjast á gervigreind, og nýtast við textun, vélþýðingar og hljóðlýsingu, eru í stöðugri þróun og kunna að nýtast til að texta erlent og innlent hljóð- og myndefni í framtíðinni. Lagt er til að aðgerðin verði tímabundin í þrjú ár og endurmetin að þeim tíma loknum, með tilliti til stöðu og þróunar stafrænna máltæknilausna. Gert er ráð fyrir að innlendir, einkareknir hljóð- og myndmiðlar geti sótt um stuðning úr tímabundnum sjóði vegna kostnaðar við textun og talsetningu.

Streymisveitur eru fjölmiðlaveitur sem miðla efni eftir pöntun (e. VOD), sumar eingöngu innanlands en aðrar yfir landamæri til fleiri ríkja. Stærstu einkareknu streymisveiturnar hér á landi eru Stöð 2+ og Sjónvarp Símans Premium. Erlendar streymisveitur með starfsemi hér á landi eru Netflix, Disney+, Viaplay og Amazon Prime Video.

NETFLIX
73%

Disney+
46%

viaplay
34%

amazon prime
19%

Hlutfall svarenda í könnun Maskínu um áskriftir að sjónvarps- og streymipjónustum, 2024.



Íslensk málnefnd

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli og gera tillögur til ráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu.

Íslensk málnefnd hefur starfað síðan 1964. Framan af var hlutverk hennar einkum tengt nýyrðum og íðorðum en á síðari árum hefur hlutverk hennar aukist talsvert. Nú er kveðið á um skipun og hlutverk Íslenskrar málnefndar í [lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs](#) frá 2011 og í sérstakri [reglugerð](#) um hana frá 2012.

Ráðherra sem fer með málefni íslenskunnar skipar í Íslenska málnefnd og er skipunar-tími hennar fjögur ár. Núverandi formaður nefndarinnar er Ármann Jakobsson prófessor.

Í Íslenskri málnefnd eiga 16 manns sæti sem tilnefndir eru af ýmsum stofnunum og félögum sem tengjast málefnum íslenskrar tungu, t.d. Ríkisútvarpinu, Þjóðleikhúsinu, Rithöfundasambandi Íslands, Íðorðafélaginu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Innan málnefndarinnar starfar sérstök fimm manna stjórn sem fundar reglulega.

Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum.

Árnastofnun er skrifstofa Íslenskrar málnefndar og miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hefur með höndum. Nánari upplýsingar um málnefndina er að finna á vef hennar, [Íslenskan.is](#).



Móðurmálið rammar inn hugsanir okkar og skilning á heiminum. Hverfi íslensk tunga verða allir íslenskir málhafar útlagar í heiminum eins og þýski heimspekingurinn Adorno skrifaði á sínum tíma um á áhrifamikinn hátt. Vöxtur og viðhald íslensku er því brýnt hagsmunamál fyrir okkur öll, ekkert ósvipað loftslaginu eða heilbrigðiskerfinu.

Ármann Jakobsson, formaður íslenskrar málnefndar




Íslensk málstefna

Í sérhverju samfélagi er í gildi einhvers konar málstefna, hvort sem hún er skrifuð yfirlýsing eða óskrifað blað. Í sumum samfélögum er um að ræða mörg tungumál eða mállýskur og geta sum mál haft stöðu opinbers máls meðan önnur eru minnihlutamál og njóta ekki sama stuðnings af hálfu hins opinbera. Á Íslandi hefur staðan til skamms tíma verið fremur einföld. Íslensk tunga er opinbert mál og viðurkennt sem þjóðtunga og opinbert mál með lögum. Þá nýtur íslenskt táknmál sérstakrar stöðu sem fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Stjórnvöld skulu hlúa að því og styðja.

Á síðustu árum og áratugum hefur íslenskt málsamfélag þróast mun hraðar en áður hefur verið og af ýmsum orsökum, meðal annars vegna aukinna áhrifa ensku í samfélaginu – með fjölgun ferðamanna, aukinni notkun samfélagsmiðla og tilkomu erlendra efnisveitna – og vegna mikillar fjölgunar innflytjenda í landinu. Landsmenn sem hafa annað tungumál en íslensku sem fyrsta mál eru nú að nálgast 20%. Allt eru þetta áskoranir fyrir íslenska tungu og æskilegt að um þær sé fjallað í íslenskri málstefnu.

Fyrsta opinbera málstefnan, [Íslenska til alls](#), var gefin út árið 2009 eftir tillögum Íslenskrar málnefndar. Endurskoðuð málstefna Íslenskrar málnefndar, [Íslensk málstefna 2021–2030](#), var samþykkt af stjórn málnefndarinnar haustið 2021. Í henni er lýst meginmarkmiðum og framtíðarsýn Íslenskrar málnefndar. Í stefnunni er fjallað um eftirfarandi níu áhersluatriði:



-
- 1 Málrækt og viðhorf til íslensku

 - 2 Jafnræði, jafnrétti og fjölmenningslegt samfélag

 - 3 Máluppeldi barna

 - 4 Íslenska í skólakerfinu

 - 5 Íslenska sem annað mál

 - 6 Íslenska í háskólum og rannsóknastarfi

 - 7 Menning og miðlar

 - 8 Íslensk máltækni

 - 9 Íslenska í stjórnsýslu, opinberri þjónustu og atvinnulífi
-

Kjarni íslenskrar málstefnu er **jákvætt viðhorf** til íslenskrar tungu með málrækt að leiðarljósi. Það felur í sér vilja til að varðveita tungumálið en um leið að íslenska sé löguð meðvitað og skipulega að nýjum aðstæðum sem hefur í för með sér að viðmið um það sem telst gott mál eða málstaðall hlýtur að **taka breytingum**. Það felur einnig í sér að tungumálið þjóni samskiptahlutverki sínu og að rækta margbreytileika þess.

Íslensk málstefna, 2021

Ákveðnir þætti í málstefnunni birtast jafnframt í [ályktunum](#) sem Íslensk málnefnd gefur frá sér árlega. Á síðustu árum hefur m.a. verið fjallað um ólíka þætti eins og *íslensku í fjölmenningsamfélaginu, máluppeldi barna og skólakerfið og íslensku í stafrænum heimi*.

Auk framangreindra gagna, sem beinlínis eru gefin út í nafni íslenskrar málstefnu, má segja að til hennar heyri einnig sum starfsemi og útgáfa hins opinbera eins og hún birtist í regluverki, t.d. lögum og reglugerðum, aðgerðaáætlunum, námsskrám, málstefnum sveitarfélaga og stofnana, íðorðastarfi, orðabókargerð o.m.fl.

[Málstefna íslensks táknmáls 2024–2027](#) var samþykkt á Alþingi snemma vors 2024 ásamt aðgerðaáætlun í 32 liðum. Í þingsályktuninni sem liggur stefnunni til grundvallar segir að íslenskt táknmál sé hefðbundið minnihlutamál og fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Meginstoðir málstefnunnar eru sex: máltaka táknmálsbarna, rannsóknir og varðveisla, jákvætt viðhorf, fjölgun umdæma íslensks táknmáls, lagaumhverfi og máltækni.

Íslenskur málstaðall

Ekki er til sérstakur opinber íslenskur málstaðall sem hefur stöðu sem slíkur. Til eru þó opinberar reglur sem verða að teljast ígildi slíks staðals.

Í Stjórnartíðindum hafa verið birtar tvær auglýsingar frá ráðherra um setningu íslenskra ritreglna. Saman mynda þær *íslenskar ritreglur* sem gilda um stafsetningarkennslu í skólum og útgefið efni á vegum hins opinbera. Í ritreglunum er kveðið á um notkun stórs og lítils stafs, hvernig stafsetja skuli orð, um notkun greinarmerkja, orðskiptingu o.fl. Stundum eru reglur um rithátt skýrar en í nokkrum tilfellum er ritháttur valfrjálss upp að vissu marki. Reglurnar ná aðeins til þess hvernig rita skuli íslensku en um framburð á íslensku er lítt eða ekki fjallað. Ritreglurnar eru ekki ýkja aðgengilegar í Stjórnartíðindum en þær hafa einnig verið birtar á vef Árnastofnunar í [heilu lagi með leiðréttingum](#).

Segja má að lengi vel hafi *Orðabók Menningarsjóðs* verið ígildi þess hvernig skrifa bæri íslensk orð. Orðabókin var þá eina almenningSORðabókin yfir íslensku. Nú hefur orðabókagerð færst að mestu yfir á rafrænt form og orðabækur orðnar aðgengilegar á netinu.

[Íslensk stafsetningarorðabók](#) er opinber réttitunarorðabók sem byggist á ritreglunum sem fyrr er frá sagt. [Íslensk réttitun](#) er ítarrit um ritreglur og frágang texta. Þá hafa ýmsir sérvefir Árnastofnunar gildi í þessu sambandi, t.d. [Beygingarlýsing íslensks nútímamáls](#), [Íslensk nútímamálsorðabók](#), [Málfarsbankinn](#) og [Íðorðabankinn](#). Öll hafa þessi gögn stöðu sem opinberar eða hálfopinberar reglur og eru því hluti af íslenskum málstaðli.

Nútímamál Tvímála orðabækur Eldri orðabækur

Íslensk nútímamálsofðabók

Ný íslensk orðabók með um 50 þúsund flettum.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls

Beygingarlýsingin er safn ríflega 300.000 beygingardæma með öllum beygingarmyndum hvers orðs.

Íslensk stafsetningarorðabók

Áður Stafsetningarorðabókin. Opinber rétttrúnarorðabók um íslensku. Hlutverk hennar er að leiðbeina um rithútt og beygingar í samræmi við hefðbundin viðhorf um vandað ritmál. Byggt er á ritreglum íslenskrar málnefndar.

Íslenskt orðanet

Samhelti - orðasambönd - merkingartengsl

Íslenskt orðanet sýnir merkingartengsl íslenskra orða og orðasambanda. Það sameinar hlutverk samhelta- og hugkakaorðabókar og kemur að hagnýtum notum við ritun og textagerð.

Íslenska og bókmenntir

Bókmenntir og ritmenning gegna lykilhlutverki í að efla íslenska tungu og allt það fjölbreytta starf sem þeim tengist skiptir máli fyrir varðveislu og þróun tungumálsins. Sagnahefðir og bókmenntir eru í raun ákveðin forsenda þess að tungumál fámennra þjóða geti lifað af. Stuðningur stjórnvalda við bókmenntir er margháttaður en hann beinist m.a. að frumsköpun höfunda, útgáfu bóka, aðgengi og afnotum á bókasöfnum.

Ný bókmenntastefna

Menningar- og viðskiptaráðherra lagði fram [þingsályktunartillögu á 154. löggjafarþingi um bókmenntastefnu fyrir árin 2024–2030](#). Tillagan náði ekki fram að ganga og var lögð fram óbreytt að nýju á haustþingi 2024.

Bókmenntastefnunni fylgir aðgerðaáætlun í 19 liðum sem fjallaði vítt og breitt um bókmenntir í samfélaginu, um bókaútgáfu og bóksölu, sókn á erlenda markaði og eflingu Miðstöðvar íslenskra bókmennta. Fjallað er börn og ungmenni, lestur og sköpun, launasjóði og styrktarsjóði, þýðingar og miðlun, máltækni, orðabókagerð, nýsköpun og sjálfbærni.

Mikil samlegð er með bókmenntastefnunni og aðgerðum hennar annars vegar og aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu hins vegar og snertifletir margir. Ein aðgerð í bókmenntastefnunni fjallar þannig um endurskoðun á regluverki bókmenntanna og íslenskrar tungu. Ráðgert er að hefja endurskoðun á fyrrnefnda regluverkinu ef þingsályktunartillagan fær framgang á þingi en þegar hefur verið hafist handa við endurskoðun á málefnum íslenskrar tungu, sbr. kafla um endurskoðun á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Í bókmenntastefnunni er birt ný framtíðarsýn fyrir íslenska ritmenningu. Samkvæmt henni á íslensk ritmenning að vera kröftug, metnaðarfull og skapandi. Á Íslandi þrífst fjölbreytt útgáfustarfsemi sem treysti stöðu íslenskrar tungu og lýðræðis. Starfs- umhverfi rit- og myndhöfunda á Íslandi verði hvetjandi og stuðlað verði að framgangi íslenskra bókmennta á innlendum og erlendum vettvangi. Fólk á öllum aldri hafi greiðan aðgang að margvíslegu lesefni og lestur verði sjálfsagður hluti af daglegu lífi þar sem aukið læsi stuðli að bættum skilningi á samfélagslegum málefnum, málfrelsi og gagnrýninni hugsun.

440milljónir kr. í endurgreiðslur
útgáfukostnaðar**828**

útgefdir titlar árið 2023

77

mismunandi útgefendur

[Samkvæmt tölfraði Rannís
fyrir árið 2023](#)



Bókmenntastefnan hverfist um þrjú meginmarkmið og eiga aðgerðir í áætluninni að styðja við framgang þeirra:

- **Að stuðlað sé að sköpun á íslensku, útgáfu á íslensku og aðgengi að fjölbreyttu efni á íslensku og tryggja með því stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu.**
- **Að stuðlað verði að auknum og bættum lestri sem víðast í samfélaginu, með áherslu á unga lesendur.**
- **Að tryggt sé að stuðningur við sköpun og útgáfustarfsemi sé skilvirkur og taki mið af örri tækniþróun og samfélagsbreytingum.**



Íslenskar bókmenntir og ritmenning geyma sögu okkar og sjálfsskilning – og það er brýnt að við tryggjum að saga okkar verði áfram skrifuð á íslensku. Það er vilji okkar að efla íslenskar bókmenntir og ritmenningu, með því styrkjum við stöðu íslenskrar tungu og lýðræðis í landinu,

segir Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra.

Endurskoðun á lögum um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls

Ein aðgerð í bókmenntastefnu sem menningar- og viðskiptaráðherra lagði fram á 154. löggjafarþingi fjallaði um endurskoðun á því regluverki sem gildir um íslenska tungu. Í tengslum við þá endurskoðun verða lögð fram áform um lagasetningu til kynningar í Samráðsgátt. Í þeim var velt upp ýmsum möguleikum, einkum hvað varðar uppfærslu á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Við undirbúning aðgerðaráætlunar í málefnum íslenskrar tungu og í umsagnarferli um hana í Samráðsgátt bærust ráðuneytinu ýmsar ábendingar og sjónarmið varðandi lögín.

Í áformaskjalinu verður fjallað sérstaklega um Íslenska málnefnd, gildissvið laganna, málstefnu íslenskrar tungu, íslenskan málstaðal og um önnur lög á sviði íslenskrar tungu sem gætu komið til endurskoðunar. Þess er vænst að frumvarp um slíkar breytingar verði lagt fram á 155. löggjafarþingi.

Fjárfesting tengd málefnum íslenskrar tungu 2018–2024 á sviðum menningar

2.147 m.kr.

endurgreiðslur vegna
útgáfu bóka

1.062 m.kr.

Bókasafnssjóður
höfunda

175 m.kr.

Ritmenning
miðalda

2.209 m.kr.

stuðningur við
einkarekna fjölmiðla

175 m.kr.

Bókasafnssjóður

2.433 m.kr.

máltækni

1.022 m.kr.

markaðsáætlun
tungu og tækni

54 m.kr.

lestrarátök og
vitundarvakning

220 m.kr.

útgáfustyrki Miðstöðvar
íslenskra bókmennta

Alls um

9,4

milljarðar kr.

Hús íslenskunnar

7,5

milljarðar kr.

16,9
milljarðar kr.

Þróun bókaútgáfu og áhrif endurgreiðslukerfis

Endurgreiðslufyrirkomulag vegna kostnaðar útgefenda við útgáfu bóka á íslensku var komið á með lögum árið 2018 og hófust endurgreiðslur árið 2019. Til þess var tekið í greinargerð frumvarpsins að bókaútgáfa væri ein af mikilvægustu stoðum íslenskrar menningar og að gildi hennar fyrir verndun og stuðning við íslenska tungu og eflingu læsis væri óumdeilt.

Lögin og fyrirkomulag endurgreiðslunnar er nú til endurmats og skoðunar í menningar- og viðskiptaráðuneytinu og tengjast m.a. vinnu við nýja bókmenntastefnu. Árið 2023 fór fram greining á því hvort stuðningskerfi við útgáfu bóka á íslensku hafi á síðastliðnum árum náð fram markmiðum um eflingu bókaútgáfu, lægra verð til neytenda og fjölbreyttara framboð lesefnis.

Í greiningu sem Deloitte vann fyrir menningar- og viðskiptaráðuneytið kom fram að almennt hefði stuðningurinn sem felst í endurgreiðslu 25% ákv. kostnaðar sem til fellur við bókaútgáfu verið jákvæð innspýting fyrir íslenska bókaútgáfu. Greiningin var þó ákv. annmörkum háð m.a. vegna skorts á gögnum en fram kom að heildarvelta útgefenda hefði aukist eftir að endurgreiðslan kom til, hagaðilar væru almennt sammála um að fyrirkomulagið virki vel en skerpa þyrfti á regluverki sjóðsins og að verðlag bóka hafi þróast í hagstæða átt eftir tilkomu endurgreiðslunnar. Sterkar vísbendingar væru um að endurgreiðslurnar hefðu haft áhrif á fjölda útgefinna titla og stuðlað að fjölbreyttara framboði bóka en bæta þyrfti gagnasöfnun og greiningu þeirra til þess að meta slíkt til hlítar.



Dagur íslenskrar tungu

Markmið dags íslenskrar tungu er að minna á mikilvægi íslenskrar tungu og gleðjast og fagna sögu hennar, samtíð og framtíð. Dagurinn er haldinn hátíðlegur á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember ár hvert. Þann dag eru veittar viðurkenningar og verðlaun fyrir störf í þágu íslensks máls og efnt til viðburða af ýmsu tagi. Undanfarin ár hefur viðburðum einnig verið dreift yfir lengra tímabil og tungumálinu fagnað í Viku íslenskunnar.

ÞESSI HAFA HLOTIÐ VERÐLAUN JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR

Vilborg Dagbjartsdóttir, skáld og grunnskólakennari, 1996

Gísli Jónsson, menntaskólakennari, 1997

Þórarinn Eldjárn, rithöfundur, 1998

Matthías Johannessen, skáld og ritstjóri, 1999

Magnús Þór Jónsson, *Megas*, 2000

Ingibjörg Haraldsdóttir, skáld og þýðandi, 2001

Jón Böðvarsson, íslenskufræðingur, skólameistari og ritstjóri, 2002

Jón S. Guðmundsson, íslenskukennari, 2003

Silja Aðalsteinsdóttir, bókmenntafræðingur, rithöfundur, ritstjóri og þýðandi, 2004

Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og stjórnmalamaður, 2005

Njörður P. Njarðvík, íslenskufræðingur, skáld, rithöfundur, þýðandi, 2006

Sigurbjörn Einarsson, fyrrum biskup, fræðimaður og þýðandi, 2007

Herdís Egilsdóttir, kennari, 2008

Þorsteinn frá Hamri, rithöfundur og skáld, 2009

Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna í tungumálum, fyrrverandi forseti Íslands og leikhússtjóri, 2010

Kristín Marja Baldursdóttir, rithöfundur, 2011

Hannes Pétursson, rithöfundur, 2012

Jórunn Sigurðardóttir, *dagskrárgerðarmaður*, 2013

Steinunn Sigurðardóttir, *rithöfundur*, 2014

Guðjón Friðriksson, *sagnfræðingur*, 2015

Sigurður Pálsson, *skáld*, 2016

Vigdís Grímsdóttir, *rithöfundur*, 2017

Eiríkur Rögnvaldsson, *prófessor emeritus í íslenskri málfræði*, 2018

Jón G. Friðjónsson *prófessor*, 2019

Gerður Kristný, *skáld*, 2020

Arnaldur Indriðason, *rithöfundur*, 2021

Bragi Valdimar Skúlason, *skáld, grínisti, auglýsingamaður og uppfræðari*, 2022

Áslaug Agnarsdóttir, *pýðandi*, 2023





Verðlauna- og viðurkenningarhafar á degi íslenskrar tungu 2023, ásamt ráðherra. Anna Valdís Kro, Elsa G. Björnsdóttir, Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra og Áslaug Agnarsdóttir þýðandi.

MEÐAL VIÐURKENNINGAHAFA Á DEGI ÍSLENSKRAR TUNGU

Spaugstofan, 2003

Reykjavíkurdætur, 2019

Mjólkursamsalan, 1999

Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands, 2006

Baggalútur, 2009

Ljóðaslamm Borgarbókasafns, 2013

Vera Illugadóttir, dagskrárgerðarkona, 2021

Bubbi Morthens, tónlistarmaður, 2015

Þórbergssetur á Hala í Suðursveit, 2009

Strandagaldur, 2004

